

Forn skriðuföll á Vesturlandi

Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson

Unnið fyrir Ofanflóðasjóð

NÍ-01028

Akureyri, desember 2001



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

NÍReykjavík
Akureyri

Skýrsla nr NÍ-01028	Dags, Mán, Ár 29.12.2001	Dreifing X Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Forn skriðuföll á Vesturlandi		Upplag 50
		Fjöldi síðna 67
Höfundar Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson		Verknúmer
Unnið fyrir Ofanflóðasjóð		
Samvinnuaðilar		
Útdráttur Fjallað er um “forn” skriðuföll á Vesturlandi, þeim lýst og þau staðsett		
Lykilorð Skriðuföll, skriður og grjóthrun, grjóthrun vegna jarðskjálfta, Vesturland		Yfirfarið

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
GULLBRINGU- OG KJÓSARSÝSLUR	4
BORGARFJARÐAR- OG MÝRASÝSLUR	16
HNAPPADALS- OG SNÆFELLSNESSÝSLUR	28
DALASÝSLA	45

Inngangur

Hér hefur verið tekið saman á á einn stað allt það efni sem við höfum fundið um forn skriðuföll á Vesturlandi, þ.e. í Gullbringu- og Kjósarsýslur, Borgarfjarðar- og Mýrasýslur, Snæfellnes- og Hnappadalssýslur og Dalasýslu. Er þessum upplýsingum raðað upp eftir sýslum, héraðsheitum, jörðum eða örnefnum. Gagnasöfnun þessi fór fram í tengslum við verkefni sem nefnt hefur verið „Skriðuannálar fyrri tíma“ og unnið er fyrir Ofanflóðasjóð.

Aðalheimildir okkar eru Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem tekin var saman um svæðið í byrjun 18. aldar og Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags, teknar saman á árunum 1839-1874, en þær sem fjalla um Borgarfjarðar- og Mýrasýslur og Dalasýslu hafa ekki birst á prenti ennþá. Auk þess höfum við leitað fanga í byggða- og jarðalýsingum sem birst hafa í ýmsum tímaritum og bókum, svo sem Árbókum Ferðafélagsins, Árbókum Fornleifafélagsins, fornum annálum, jarðabók Orms Daðasonar um Dalasýslu frá 1731 og ýmsum rit- og þjóðsagnasöfnum af Vesturlandi. Eflaust finnast fleiri sagnir um forn skriðuföll á Vesturlandi í þeim prentuðum heimildum sem okkur vannst ekki tími til að kanna innan ramma þessa verkefnis, og án efa eru þær fleiri sem leynast í óbirtum heimildum, svo sem gömlum jarða- og fasteignamötum og örnefnaskráum.

Gullbringu– og Kjósarsýslur

– **Gullbringu– og Kjósarsýslur (alm.):** ...Í Gullbringusýslu þekkjast ekki fjallaskriður eða snjóskriður niðri í byggðinni, þar eð bæirnir liggja við ströndina langt frá fjöllum, en hins vegar kemur slíkt oftast fyrir í Kjósarsýslu og veldur þá líka tjóni á húsum, túnnum, engjum og graslendi. Fjallaskriður stafa af því, að vatnið, sem rennur ofan úr fjallatindunum, nemur staðar á leið sinni eða þá hækkar í miklum rigningum upp fyrir bakka sinna litlu farvega og ryðst þá ekki aðeins fram, heldur ryður og með sér firnindum af aur og grjóti, sem flóir þá yfir láglandið fyrir neðan eins og fljót, og þarf það síðan langan tíma til að síga, ef jarðvegurinn er votlendur, eða þá að fá á sig dálitla jarðskorpu, sem sjaldan er eins góð og sú fyrri. Og sé það grjótskriða, sem ekki flytur með sér neinn leir eða mold, þá heldur hún áfram að vera grjót og gefur engar vonir um gróður. Þær fyrri kalla menn leirskriður, en þær síðari grjótskriður (*Skúli Magnússon landfógeti, Lýsing Gullbringu– og Kjósarsýslu (ritað 1785), Landnám Ingólfs I, 1935–36*).

Krísuvík

– **Krísuvík (alm.):** ... (breytingar á landslagi): Þar sem ekki er sandágangurinn, þar eru skriðuföll, blástrar (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Selvogsping (Strandar– og Krýsuvíkursóknir), 1840*).

– **Krísuvík:** ...Túninu er hætt fyrir skriðum og fé fyrir hrakningi um vetur, ef ekki er vel gætt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grindavíkurhreppur 1703*).

– **Krísuvíkurbjarg:** ...Undirlendið við Krísuvík gengur fram að sjó, og eru þar hamrar og björg. Í Krísuvíkurbjargi er fuglatekja nokkur. Árið 1724 urðu landskjálftar í þessum héruðum og hrapaði bærinn í Herdísarvík. Arngrímur Bjarnason ráðsmaður Skálholtsstaðar, dó þá með fleirum mönnum af grjótfalli undir Krísuvíkurbjargi. Hann var þar að sölvatekju (*Þorvaldur Thoroddsen, Ferðir á Suðurlandi sumarið 1883. Ferðabók I, 2. útg. 1958–60*).

– **Krísuvíkurbjarg:** ...landskjálftar í ágústmánuði (1724) helst í Árnassýslu ..Arngrímur Bjarnason Skálholtsstaðar ráðsmaður dó undir Krísuvíkurbjargi við sölvatekju af grjótfalli í jarðskjálftanum ...með konu sinni, húskarli og hjáleigumanni, klofnaði þá Krýsuvíkurbjarg niður í gegn, og féll tvítugt eða þrítugt grjót á mennina, og var ein hella 13 faðmar á lengd, en 11 á breidd (*Þorvaldur Thoroddsen, Jarðskjálftar á Suðurlandi, 1899*).

Grindavík

– **Ísólfsskáli:** ...Tún sendið mjög og liggur undir skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grindavíkurhreppur 1703*).

Reykjanes

– **Hafnaberg:** ...Brúnir Hafnaberg eru víða hættulegar og geta fyllur hrunið úr berginu fyrirvaralaust (*Leó M. Jónsson. Hafnahreppur, Áfangar (41), 1991*).

– **Valahnjúkur:** ...Hinn 28. október 1887 voru allharðir jarðskjálftar á Reykjanesi. ...Hjá vitanum voru kippirnir svo harðir, að þrjár stórar sprungur komu í Valahnúk, bær vitavarðarins skemmdist og 9 lampar brotnuðu í vitanum. ...Nokkru seinna (í desember) losnaði 7 faðma langt og 3 faðma breitt klettastykki framan úr Valahnúk og datt niður í sjó (*Þorvaldur Thoroddsen, Ferðir á Suðurlandi sumarið 1883. Ferðabók I, 2. útg. 1958–60*).

– **Valahnjúkur:** ...var því myndarlegur viti, fyrsti viti landsins, reistur þar 1873 á s.n. Valahnjúk, úti við sjóinn, en vegna hruns í hnjúknum í jarðskjálfta 1887, þótti ekki öruggt að láta hann standa þar áfram (*Árbók FÍ, 1936*).

– **Valahnjúkur:** ...Fyrsti ljósviti á Íslandi var reistur á Valahnjúki 1878. Í miklum jarðskjálftum 8–9 árum síðar hrundi úr hnjúknum og sprungur mynduðust ofan á honum. Var þá talið að reisa yrði vitann á öruggari stað (*Leó M. Jónsson. Hafnahreppur, Áfangar (41), 1991*).

– **Bæjarfell:** ...aðfaranótt hins 27. febrúar (1899) fundust í Reykjavík kl. 1–2 f.h. þrjár jarðskjálftakviður töluverðar og nokkur titringur á milli. ...segir vitavörður Jón Guðlaugsson frá jarðskjálftanum á þessa leið (Ísafold 1899, bls 59): „...fólkið þorði ekki að haldast við í húsinu um nóttina (íbúðarhús vitavarðar núverandi Reykjanesvita), með því að grjóthrun var nokkurt úr fellinu sem bærinn stendur undir (Bæjarfell), og lá fólkið í geymsluhúsi niðri við sjó.” (*Þorvaldur Thoroddsen, Landskjálftar á Íslandi, 1905*).

– **Helguvík:** ...Eftir atburðinn við kirkjuna tók Melabergsmaður á rás heim til sín áður en hann hljóp norður Rosmhvalanes sem óður væri og hélt lotunni uns hann kom á Hólmsberg, sem er úti við sjóinn norður frá Keflavík. Þegar á brúnina kom stækkaði og þrútnaði maðurinn svo, að bjargið sprakk og hljóp fram mikill klettur úr hamrinum. Heitir hann síðan Stakkur (við Helguvík). Eftir honum hefur Stakksfjörður nafn (*Kristján Jóhannsson, Innsveitir Hvalfjarðar, 1989 – eftir Þjóðsögum Jóns Árnasonar, sögunni um Rauðhöfða/Faxa*).

Eldey

– **Eldey:** ...(jarðskjálftar við Faxaflóa 1706) ...í Annál Gísla Þorkelssonar á Setbergi er miklu ítarlegar sagt frá jarðskjálftanum 1706 heldur en annarsstaðar; þar segir svo: „Á þessum vetri voru oft jarðskjálftar. ...en sá hroðalega mikli og stóri jarðskjálfti skeði 20. Aprílís. ...Svo og líka segja menn, að sá drangi, sem stóð við Eldeyjar fyrir Reykjanesi suður, muni í þeim jarðskjálftum fallið hafa, þar þeir, sem voru nálægir, hafa ei þóst sjá hann síðan. (*Þorvaldur Thoroddsen, Landskjálftar á Íslandi, 1905*).

Reykjavík/Kópavogur

– **Hvammkot:** ...Engjum spillir vatn og leysingarvatnaskriður (kot þetta stóð á milli á milli Digraness og Breiðholts, Fífuhvammur?). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Seltjarnarneshreppur 1703*).

Mosfellssveit

– **Þormóðsdalur:** ...Túninu spillir lækur með grjótskriðum. Hætt er fyrir snjóflóðum, foruðum og djújum (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mosfellssveit 1704*).

– **Lágafell:** ...(Suðurlandskjálftar 1896): ...hinn seinasti jarðskjálftakippur sem skaða gjörði kom fimmtudaginn 10. september kl. 11,20 mín. f.h. fannst hann um Suðurlandsundirlendið alt, en var langharðastur ofan til í Flóa. ...skriður nokkrar féllu úr Lágafelli og Hafnarfjalli. (*Þorvaldur Thoroddsen, Jarðskjálftar á Suðurlandi, 1899*).

– **Suðurreykir:** ...Skriður spilla úthögum og eru foruð í þeim, sem peningi er hætt við. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mosfellssveit 1704*).

– **Helgafell:** ...Skriða grandar túnnum, engjum og úthaga, og er jafnvel bærinn í voða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mosfellssveit 1704*).

– **Hlaðgerðarkot:** ...Engjunum spillir skriða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mosfellssveit 1704*).

– **Norður-Reykir:** ...Engjum og úthögum spillir skriða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mosfellssveit 1704*).

– **Helgadalur:** ...Hætt er mjög fyrir snjóflóðum og skriðum bæði í bæ og túnnum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mosfellssveit 1704*).

– **Mosfell:** ...Skriða hefur gjört á túninu skaða til stórmeina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mosfellssveit 1704*).

– **Hrisbrú:** Túninu spillir skriða, skriðuhætt á tún og úthaga. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Mosfellssveit 1704*).

Kjalarnes

– **Esja:** ... (1249) Hrapaði skriða úr Esju. Urðu fyrir henni 15 hestar og dóu allir, svo ekki náðust skinn af þeim, utan eitt hross komst þar frá, er fátækur maður, sjónlaus og krepptur átti (*Setbergsannáll*).

– **Kjalarnes (alm.):** ...Jarðirnar í þingsókn þessari (Esjubergsþingsókn) liggja sumar sunnan og vestan við Esju, nokkrar fast við fjallið, og er þeim hætta búin af

fjallskriðum (*Skúli Magnússon landfógeti, Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu (ritað 1785), Landnám Ingólfs I, 1935–36*).

– **Sámsstaðir:** ...Sámsstaðir: forn eyðijörð, sem almennilega segist áður skuli verið hafa kirkjustaður. Jörðin meina menn að ekki byggjast kunni til gagnsmuna fyrir landsþröngvar sakir og þess annars, að tún þau er verið hafa, eru mjög uppblásin og spillt af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjalarneshreppur 1704*).

– **Gröf:** ...Högum spilla skriður (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjalarneshreppur 1704*).

– **Vellir:** ...(1662) Þann 9. Júnii (annað handrit: 9. Maí) kom regn mikið, en þó vindur ekki mikill, og í því hlupu skriður miklar víða, bæði á tún, engjar og í úthaga, sérdeilis á þessar jarðir hér syðra: ...á Velli í sömu sveit, svo aftók þriðjung túna, (*Fitjaannáll*).

– **Vellir:** ...(1695) Á því sumri hlupu víða skriður og gerðu skaða, tók af mestöll tún á Völlum á Kjalarnesi og meir en hálf á Háafelli í Hvítársíðu (*Fitjaannáll*).

– **Vellir:** ...Túnnum spillir skriða og er bænum orðið hætt bæði fyrir skriðum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjalarneshreppur 1704*).

– **Vellir:** ...(1779) Þá skemmdust af skriðum bærinn Strjúgur í Langadal, sömuleiðis Mógilsá og Vellir á Kjalarnesi með fleiri jörðum (*Espihólsannáll*).

– **Kollafjörður:** ...(1662) Þann 9. Júnii (annað handrit: 9. Maí) kom regn mikið, en þó vindur ekki mikill, og í því hlupu skriður miklar víða, bæði á tún, engjar og í úthaga, sérdeilis á þessar jarðir hér syðra: ...einninn á Kollafjörð (*Fitjaannáll*).

– **Kollafjörður:** ...Engjar spillast af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjalarneshreppur 1704*).

– **Litli-Kollafjörður:** ...Allir aðrir hættir jarðarinnar svo sem um heimajörðina segir, nema hvað þessi tún svo vel sem bæjarhús liðu vofveiflegan skaða og ágang árinna, sem brýtur túnið og grefur frundvöll undan húsum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjalarneshreppur 1704*).

– **Mógilsá:** ...(1662) Þann 9. Júnii (annað handrit: 9. Maí) kom regn mikið, en þó vindur ekki mikill, og í því hlupu skriður miklar víða, bæði á tún, engjar og í úthaga, sérdeilis á þessar jarðir hér syðra: ..., einninn á Mógilsá (*Fitjaannáll*).

– **Mógilsá:** ...Lánskuld er nú lxxii álnir og er þar fyrir svo lítil orðin, að skriðuágangur af Þverá og lækjum fordjarfar tún jarðarinnar stórlega. ...Tún fordjarfast af skriðu ut supru. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjalarneshreppur 1704*).

– **Mógilsá:** ...(1779) Þá skemmdust af skriðum bærinn Strjúgur í Langadal, sömuleiðis Mógilsá og Vellir á Kjalarnesi með fleiri jörðum (*Espihólsannáll*).

– **Esjuberg:** ... (1662) Þann 9. Júnii (annað handrit: 9. Maí) kom regn mikið, en þó vindur ekki mikill, og í því hlupu skriður miklar víða, bæði á tún, engjar og í úthaga, sérdeilis á þessar jarðir hér syðra: Esjuberg á Kjalarnesi, svo mikið tók af túninu, (*Fitjaannáll*).

– **Esjuberg:** ... (1668) Haustið regnsamt, frammar en menn mundu til. Féllu þá víða skriður á tún og haga, sérdeilis á Esjubergi á Kjalarnesi, svo að bóndinn þar, Sigurður Núpsson, flutti sig þaðan í burtu (*Fitjaannáll*).

– **Esjuberg:** ... Landskuld þá síðast er Þorleifur Sigurðsson skildi við þessa jörð, var iicx og svo hafði verið frá því er Heideman hafði nokkur ár hér á landi verið. Áður í tíð Jóhanns Klein var hér landskuld í c xl álnir fyrir þann skuld, að skriða spillti jörðunni, en fyrri en sá skaði féll uppá, var landskuld iic l. Leigukúgildi iiii síðan skriðan spillti, áður voru vi. ... Skriður fordjarfa tún, engjar og úthaga merkilega, svo að hætt er bæði mönnum, húsum og fénaði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjalarneshreppur 1704*).

– **Esjuberg:** ... Í túninu á Esjubergi, austur frá bænum er rúst, sem frá ómunatíð hefir verið kölluð kirkjutóft eða stundum bænhústóft. ... Að ofan er rústin ávöl af grjóti. Lítur út fyrir, að ofan á hana hafi verið kastað lausum steinum, annað hvort sem fallið hafi úr henni sjálfri, hafi hún verið hærri, eða sem skriðuhlaup hefði kastað þangað. (*Brynjúlfur Jónsson, Kirkjutóft á Esjubergi, Árbók Fornleifafélagsins, 1902*).

– **Aravöllur:** ... Hjáleiga frá Esjubergi. ... Skriða fordjarfar svo sem sagt er um heimajörðina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjalarneshreppur 1704*).

– **Sjávarhólar:** ... Lækjarskriða grandar engjum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjalarneshreppur 1704*).

– **Sjávarhólar:** ... (1747) Vorið vætusamt og kalt, svo bálega nýttist bæði fiskur og annað. Á því vori féll sú mikla skriða eður jarðarumrótan úr Esjunni, sem aftók mikinn part Öfugskeldu og Sjávarhólaland. Hún tók til sjávar ofan, svo mikilfengleg, að ekki er auðvelt frá að segja (*Ölfusvatnsannáll*).

– **Sjávarhólar:** ... Við Sjávarhóla eru margir litlir hólar myndaðir við skriðufall úr fjallinu (Esjunni) (*Árbók FÍ, 1985*).

– **Öfugskelda:** ... Skriða spillir bæði túnnum og engjum til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjalarneshreppur 1704*).

– **Öfugskelda:** ... (1747) Vorið vætusamt og kalt, svo bálega nýttist bæði fiskur og annað. Á því vori féll sú mikla skriða eður jarðarumrótan úr Esjunni, sem aftók mikinn part Öfugskeldu og Sjávarhólaland. Hún tók til sjávar ofan, svo mikilfengleg, að ekki er auðvelt frá að segja (*Ölfusvatnsannáll*).

– **Skrauthólar:** ... Túnin brjóta stórvíðri og er hætt við skriðu, sem engjunum spillir og úthögum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjalarneshreppur 1704*).

- **Eystri–Vallá:** ...Hætt er fyrir skriðum og vatnságangi á túnið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjalarneshreppur 1704*).
- **Vestari–Vallá:** ...Túninu spillir skriða og vatnságangur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjalarneshreppur 1704*).
- **Blikdalur:** ...Fyrir innan þessa dali þrengist Blikdalur og eru brattar grösugar brekkur á báðar hendur sem heita Skollabrekkur. Bera þær nafn með réttu því fjallarefir hafa þar á ýmsum stöðum átt sín höfuðból. Fyrir hálfum öðrum áratug (um 1970) féll gríðarmikill skriða ofan úr eggjum niður brekkurnar að sunnanverðu og er hún enn mikið lýti á hlýlegu landslagi dalsins. Er skriðuhlaupið neðst um 400 m breitt. Sjást upptök skriðunnar enn vel í klettahjallanum fyrir ofan brekkurnar og sést að hún hefur byrjað sem mjó aurspræna (*Árbók FÍ, 1985*).
- **Saurbær:** ...Sumarhögum er hætt fyrir skriðum (Blikdalur?). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjalarneshreppur 1705*).
- **Litli–Saurbær:** ...Kostir allir og ókostir þessa ábýliss sameiginlegir með heimajörðinni (Saurbæ) (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjalarneshreppur 1705*).
- **Melar:** ...(Skipt upp í 5 býli) ...Selstöðu á jörðin þar sem heitir Mela Seljadalur og eru þeir hagar að mestu aleyddir af skriðum. ...Högunum spilla skriður stórlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjalarneshreppur 1705*).
- **Tindstaðir:** ...(1339) Hljóp skriða á bæ í Kjós er á Tindstöðum heitir in festo Agathe (þ.e. 5. febr.), létust IX menn (*Gottskálksannáll*). ...(1339) Hljóp skriða á bæ í Kjós er á Tindstöðum heitir in festo Agathe (þ.e. 5. febr.), létust IX menn (*Flateyjarannáll*). ...(1339) Hljóp skriða á þann bæ er á Tindstöðum heitir, létust IX menn (*Skálholtsannáll*).
- **Tindsstaðir:** ...(1662) Þann 9. Júnii (annað handrit: 9. Maí) kom regn mikið, en þó vindur ekki mikill, og í því hlupu skriður miklar víða, bæði á tún, engjar og í úthaga, sérdeilis á þessar jarðir hér syðra: ...og Tindsstaði (*Fitjaannáll*).
- **Tindsstaðir:** ...Hætt er fyrir skriðum og snjóflóðum bæði bæ og túnnum, engjum og högum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjalarneshreppur 1705*).

Kjós

- **Kjós (alm.)** ...Yfirhöfuð hefir landið allt í Kjósinni gengið úr sér, bæði byggðir dalir og óbyggðir ...Fjallaskriður hafa og víða ollið töluverðum skemmdum á túnnum, engjum og beitarnandi, svo að víða eru þar kolbláar skriður, graslausar, sem áður, og það í minni elstu manna, voru grösugar og fagarar fjallshlíðar. Það er óhætt, að fullyrða, að þeir bæir finnast í Kjósinni, hvar þriðjungur túns er orðið að skriðum. Hafa menn þó lagt stund á, margur hver, að græða út og gjöra tún þar, sem ekkert var áður. ...Tveir bændur hafa einkum, sem orð er á gerandi, hlaðið grjótkringum túnið sitt (Neðri–Háls, Hurðarbak), því til hlífðar við grjótskriðum og aurrennsli (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Reynivallasókn, 1840*).

- **Kjós (alm.):** ...Ekki er þingsókn þessi (Reynivallapingsókn) allsendis laus við fjallaskriður og snjóskriður. Slíkar skriður hafa fyrir á tímum eytt húsin á prestssetrinu Reynivöllum, þó hefir landið batnað og gróið aftur (*Skúli Magnússon landfógeti, Lýsing Gullbringu– og Kjósarsýslu (ritað 1785), Landnám Ingólfs I, 1935–36*).
- **Kjós:** ...Svo er landslagi háttað í Kjós, að þar eru skriðuföll tíð á sumrum, en einkum þó vor og haust í þrálátri rigningatíð. Stórgrýtisbjörg losna þá úr hlíðunum og falla ásamt leir og grjóti niður á láglandið. Á vetrum er þar snjóflóðahætt, fólkinu til stöðugrar skelfingar. ...Skriða mikil, sem féll úr Esjunni fyrir nokkrum árum, sýnir þó ljósast, að fagur skógur hefir staðið á þeim slóðum, sem Kjalnesinga saga ræðir um (*Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, 1752–57*).
- **Miðdalur:** ...(skift upp í fjögur býli) Tún, engjar og hagar eru sífelldum skriðum undirornar, sem árlega spilla, og er jafnan fyrir því hætt, jafnvel heygörðum og fjósum þeirra Sölmundar og Geirlaugs. (Tún og engjar sem Jóna Ásbjarnarson heldur, hafa ekki orðið fyrir þessum skaða). ...Hætt er fyrir snjóflóðum og foruðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).
- **Morastaðir:** ...Skriður spilla úthögum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).
- **Kiðafell:** ...Skriður spilla úthögum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).
- **Útskálhamrar:** ...Hætt er fyrir skriðum á úthaga og engjar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).
- **Eyri:** ...Hætt er fyrir snjóflóðum og skriðum bæði túnnum, högum, engjum og húsum og hefur nýlega þar skaðið orðið bæði á túni og engi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).
- **Eilífsdalur, Eilífsdalskot:** ...Engið er fordjarfað af skriðum, en túnin brjóta árlega tvær ár, sem hjá þeim falla, er og háski við þessum hvorutveggjum skaða jafnlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).
- **Flekkudalur:** ...Áður hafa með jörðunni verið xii kúgildi, og var ii lækkað fyrir vatnaágang og skriður. Hætt er fyrir skriðum og snjóflóðum, bæði húsum og túni. Á brýtur engjar og tún, og ber grjót yfir til stórmeina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).
- **Sandur:** ...Tún eru nær engin, því öll hin fornu eru nær eyðilögð af skriðum og vatni, og varð fyrir þeim háska bæinn af hinum fornu tóftum að færa. ...Á brýtur engjar og tún, og ber grjót yfir til stórmeina. ...Ekki má óhætt kalla bænum þar sem nú er hann, fyrir skriðum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).
- **Sandur:** ...mikið hættuleg skriðu–, snjóflóða– og líka landbrotsjörð af Sandá, sem brýtur af vesturtúnið. Sandsdalur liggur undir þessa jörð. ...Sandsdalur eða Eyjadalur. Hann er langur og liggur í suður inn í Esjufjallið og endar við Móskörð.

Þar er grasland töluvert, en víða hafa fallið á honum skriður (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Reynivallasókn, 1840*).

– **Eyjar:** ...Engjum spilla skriður úr fjalli, en túnnum bæði og engjunum vatnsgangur af á, sem nærri rennur með aur og grjóti og landbroti. Hætt er kvikfénaði fyrir foruðum. Búfjárhögum spilla skriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

– **Meðalfell:** ...Hætt er túnnum mjög fyrir fjallskriðum og verður oftast árlega þar af skaði, sem með stórerfiði þarf að umbæta. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

– **Meðalfellshjáleiga:** ...Eldviðartak, haga og önnur hlunnindi og bágindi hefur hjáleigan sameiginlegt með heimajörðinni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

– **Hurðarbak:** ...Landskuld nú í c síðan 1699, að snjóflóð tók fjós og fénað, þangað til var ijc. ...Kvaðir eru nú öngvar, voru áður x álnir í mannsláns nafni, þar til snjóflóð fordjarfaði ut supra. Kúgildin eru óuppbætt af landsdrottni í 23 ár, nema það eitt, ár þegar snjóflóðið eyðilagði kvikféð, lét landsdrottinn tvö kúgildi til en leiguliði eignaðist fjögur dauð fyrir tvö leiguár er hann hét að svara. Selstöðu í Meðalfellsland þarf með þágu að þiggja eður betala verði, því að búfjárhagar eru að mestu eyðilagðir af skriðum, og neyðast því ábúendur til að beita engi sitt, geta þó ekki vel varðað að peningur gangi í Meðalfells og Þorláksstaðaengi. ...Túnin eru merkilega fordjörfuð af snjóflóðum og skriðum, og er hvorutveggja þessum jafnan yfirhangandi vofveiflegur mannháski manna og fénaðar, gjörist og árlega í næstu 20 ár hér af mein og skaði, og kostar það ábúendur stórerfiði sérhvert ár að moka skriður, og hefur landsdrottinn það hingað til öngu launað. Nú í ár væntu þeir betalings fyrir skriðumokstur í þrjár vikur. Vatnsbólið hefur skriðan á þessu ári tvisvar eyðilaggt og hefur varla með stórerfiði upp aftur mokast. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

– **Hurðarbak:** ...norðan undir Meðalfelli og blasir beint á móti snjóflóðum og aurskriðum, er oftlega spýttast úr klettagjám í hamrafjalli. Er ábúanda þar mæðusamt að hreinsa túnið af aur- og sandmöl, og hefir hann þó til hlífðar hlaðið langa grjótgarða (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Reynivallasókn, 1840*).

– **Þorláksstaðir:** ...Hætt er túninu mjög svo fyrir snjóflóðum og skriðum, og hefur snjóflóð fyrir meir en 60 árum aftekið bæinn þar sem þá stóð hann, var hann því færður þangað sem nú er. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

– **Möðruvellir:** Landskuld af xc barna sr.Jóhanns 1 álnir, hefur stundum meiri stundum minni verið eftir því, sem skriðufall hefur meira eður minna skemmt þannan hluta jarðarinnar. ...Skriða spillir túninu merkilega, einkum þeim xc , sem börn Sr.Jóhanns eiga. Engjar eru snögglendar mjög, og fordjarfast af skriðum árlega meir og meir, og þurfa ábúendur engi annarsstaðar að þá. Vetraríki er mikið. Hætt er fyrir snjóflóðum bæði túni og húsum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

- **Möðruvellir:** ...Hér er ei frítt fyrir aurskriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Reynivallasókn, 1840*).
- **Írafell:** ...Vetrarríki er mikið. Snjóflóð og skriður granda högum og engi, þó meir á kóngsins parti. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Kjósarhreppur 1705*).
- **Fremri-Háls:** ...Landskuld lx álnir, hefur áður verið lxxx álnir til fardaga. Síðan er hún aftur færð vegna skriðufalls á jörðunni. Túnin eru stórlega fordjörfuð af skriðum og enn hætt við meiri skaða bæði bænum og túnnum, mönnum og fénaði. Engjar öngvar á vissum stað, nema hvað slegið er vítt og dreif í heiðarlandi, og þó ekki í sama stað nema annaðhvört ár. En þær engjar, sem áður voru og nær liggja bænum, eru hartnær eyðilagðar af skriðum og leir. Hætt er bænum fyrir snjóflóði, og hefur það oft yfir fallið, svo legið hefur við húsbroti. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Kjósarhreppur 1705*).
- **Hækingsdalur:** ...Túnunum hvoru tveggja spillir skriða og snjóflóð og er fyrir því árlegur háski, kostar og oft erfiði af að moka. Enginu spillir ogsvo skriða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Kjósarhreppur 1705*).
- **Hækingsdalur:** ...en beutiland arðgott, einkum á sumrum, og landrými, ekki óhult fyrir skriðufalli (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Reynivallasókn, 1840*).
- **Reynivallaháls:** ...Frá Neðra-Hálsi að Vindási eru almennt kallaðir landkostir ekki góðir. Beutiland á sumrum eru mýrarsund á milli bæjanna og litlir rimar framan í Reynivallahálsinum, sem ekki hafa enn þá farið í skriður, svo að menn neyðast oft til að hafa búsmala sinn í engjum á sumrum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Reynivallasókn, 1840*).
- **Reynivallaháls:** ...Vegurinn lá nú með bröttu fjalli (Reynivallaháls) og sumstaðar hvarf hann alveg undir skriður, sem nýlega (um 1815) höfðu fallið á hann. Næst fórum við bratt og vont skarð upp á Reynivallaháls (*Ebenezer Henderson, Ferðabók, 1957*).
- **Vindás:** ...Högumum spilla skriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Kjósarhreppur 1705*).
- **Reynivellir:** ...(1671) Laugardagsnóttina fyrir páska (22. apr.) hljóp skriða á Reynivöllum í Kjós, svo aftók mestan hluta túnsins; klaufst hún um bæinn, en grandaði hvorki mönnum né fé (*Hestsannáll*). ...(1671) Laugardagsnóttina fyrir páska (23 apr.) hljóp skriða á Reynivöllum í Kjós, svo aftók mestan hluta túnsins. Klaufst hún um bæinn, en grandaði hvorki mönnum né fé. Enginn af heimafólkinu vaknaði um nóttina, þá skriðan hljóp, og vissi hér ekki af, fyrr en að morgni, þá á fætur var farið. Þann stað hélt þá séra Einar Illhugason Vigfússonar frá Kalastöðum (*Fitjaannáll*). ...(1671) Skriða hljóp á Reynivöllum í Kjós, laugardagsnóttina fyrir páska, og tók af mestan hluta túnsins, hún klaufst um bæinn, en grandaði hvorki mönnum né fé (*Espólín*).

– **Reynivellir:** ...Var beneficium og kirkjustaður. Er nú heimabærinn aldeilis eyðilagður af snjóflóðum og skriðum, svo ekkert bæjarhús stendur eftir. Kirkjan og kirkjugarðurinn stendur enn nú, þó í stórum háska, samt eru þar tíðir fluttar. ...Leifar af þessu foreydda beneficio eru nú sundur deildar í þrjú smábýli. ...Túnin eru stórlega fordjörfuð, þau er sjálfum heimatúnunum fylgdu, og mikinn part eyðilögð, og er jafnan voði fyrir meiri skaða, svo að ekki dirfast menn byggð á að setja í hinu forna bæjarstæði síðan snjóflóð 1699 yfirféll staðinn, braut hús, deyddi prestinn og 6 manneskjur aðrar, en beinbraut og limlesti þá sem þó urðu með stórrerfiði úr snjóflóðsrústunum með mannsöfnuði upp mokuð og náðust lífs, en þó að bana komin. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

– **Reynivellir:** ...Ekki er þingsókn þessi (Reynivallaþingsókn) allsendis laus við fjallaskriður og snjóskriður. Slíkar skriður hafa fyrir á tímum eytt húsin á prestssetrinu Reynivöllum, þó hefir landið batnað og gróið aftur (*Skúli Magnússon landfógeti, Lýsing Gullbringu– og Kjósarsýslu (ritað 1785), Landnám Ingólfs I, 1935–36*).

– **Reynivellir:** ...1808 féll skriða mikil á Reynivelli og tók af mestan hluta túnanna (*Stutt ágríp af æfi Þorvaldar Böðvarssonar, Fjölnir 3. ár, 1837*).

– **Reynivellir:** ...En svo vildi það óhapp til, að skriða mikil féll á Reynivelli og tók af mikinn hluta túnsins. Þurfti nú einhverra úrræða við, ef vel átti að vera. Þorvaldur vildi helst ekki flýja staðinn. ...Þorvaldi þótti nú naumast lífvænlegt á Reynivöllum og sótti því um Holt í Öfundarfirði, er það losnaði sumarið 1810 (*Gils Guðmundsson, Holt og Holtsprestar, Frá ystu nesjum II, 1944*).

– **Reynivellir:** ...stendur undir hálsinum, í sveignum milli tveggja gilja, sem oftast ár hvert spýta snjóflóðum og aurskriðum á túnið, sem að stórum parti, er komið í graslausa grjóthryggi og skriðuhóla. Bærinn var færður úr stað, eftir að snjóflóð braut niður öll húsin og deyddi allt fólkið árið 1699 (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenn tafélagsins – Reynivallasókn, 1840*).

– **Reynivellir:** ...og að túnið sé undirorpið skemmdum af snjóflóðum og aurskriðum, ef eigi árlega er við gjört með mannafla og kostnaði. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).

– **Sogn:** ...Tún eru lítil og fordjarfast mjög af skriðum. Ekki er bænum óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

– **Sogn:** ...skemmd af skriðum mjög, hefir lítil tún og beitiland, en engi mikið á Laxárbökkum. ...liggur undir aurskriðum og sjóflóðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenn tafélagsins – Reynivallasókn, 1840*).

– **Valdastaðir:** ...Túnin liggja undir skriðum og svo engin og er jafnlega voði fyrir þeim skaða, spillist og nokkuð ár frá ári. Ekki er óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

– **Valdastaðir:** ...og ekki óhult fyrir skriðum og snjóflóðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenn tafélagsins – Reynivallasókn, 1840*).

– **Bollastaðir:** Forn eyðijörð. Veit enginn nær eyðilagst hefur, eður hvað fyrir. ...Túnstæðið var mikinn part ófordjarfað inn til þess að næst umliðið haust féll þar

skriða yfir túnstæðið til óbóta skaða, svo að bæði fyrir því og landþröng er örvænt, að það kunni aftur að byggjast. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

– **Neðri-Háls, Bollastaðir:** ...Á Hálsi neðra er nú tvíbýli, 2 íbúðarhús. Þar í landi eru Bollastaðir, fornt eyðiból ...virðist hafa eyðst af skriðu (*Björn Bjarnason, Kjósarsýsla 1937, Landnám Ingólfs II, 1936–40*).

– **Neðri-Háls:** ...Hætt er fyrir skriðum og snjóflóðum bæði túni, engi, fósi og heygörðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

– **Neðri-Háls:** ...stendur sunnan undir Reynivallahálsi vesturenda, þar í hallanda og blasir á móti Sandgili í fjallinu, sem oft spýr snjóflóðum og aurskriðum á tún og húsin, sem ábúandinn hefir þó viljað leitast við að verja með löngum og sterkum grjótgörðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Reynivallasókn, 1840*).

Hvalfjörður

– **Hvalfjörður (alm.):** ...Hlíðarnar við Hvalfjarðarbotn eru fjarska brattar, og er þar því mjög skriðuhætt, þegar rigningar ganga, og tæpar götur. Snemma um vorið 1881 fór ég kringum Hvalfjörð. Þá höfðu gengið miklar rigningar. Við vorum margir saman og höfðum yfir 30 hesta. Höfðu dagana áður fjöldamargar skriður fallið úr hömrunum niður í sjó, og var mjög illt að koma klárnum yfir þær, gegnum leðju og stórgrýti. Allt í einu heyrðum við hvelli og drunur eins og fjarlæg fallbyssuskot, sem bergmálið bar hlíð úr hlíð. Við litum upp til klettanna. Þar gaus upp reykjarmökkur, sem þyrtaðist niður hlíðina með hoppandi svörtum smádeplum innan um og utan við. Þetta var þá skriða og deplarnir stóreflisbjörg, sem uxu ákaflega, er þau nálgudust, umkringd af mekki og eldglæringum, er þau rákust á. Miðpartur skriðunnar sást óglögg vegna reykjarins, en í henni var kynstur af stórgrýti, mól og leðju. Öslaði þetta allt niður í sjó rétt fyrir framan lestina og nokkur björg hentust drynjandi niður á klappir fáa faðma fyrir framan fremstu hestana. Klárarnir stóðu agndofa, en fældust ekki, og skrýtið var að sjá, hve lipurlega kindur uppi í hlíðinni viku undan stórbjörgunum, sem flugu niður hjá, og héldu svo áfram að bíta. Það var auðséð, að þær voru vanar þess konar trakteringum. Mjög örðugt var að koma hestunum yfir nýju skriðuna, yfir urð og grautarleðju (*Þorvaldur Thoroddsen, Ferðir á Suðurlandi sumarið 1883. Ferðabók I, 2. útg. 1958–60*).

– **Hvalfjörður (alm.):** ...Vorið 1881 fór ég landveg suður í Reykjavík í fyrra hluta júnímánaðar. Fót frá Möðruvöllum 2 júní og kom í Reykjavík 13 júní. ...Við fórum suður Holtavörðuheiði, gistum á Stafholtsey og svo á Þyrli. Næsta dag var nærri ófært verður af stórrigningu (12. júní), sem þó rénaði undir kvöldið, svo við fórum á stað með fjöru, höfðum slegist í för með pósti og mörgu öðru ferðafólki, vorum 20 manns í hóp með 30–40 lausa hesta. Þá var afar örðugt að komast kringum Hvalfjörð, því urmull af skriðum hafði í rigningunni fallið úr hömrum niður allar hlíðar fram í sjó, og var örðugt að koma klárnum yfir leðjustraumana innan um stórgrýtið. Sumar skriðurnar voru enn að hlunkast niður, og ein féll rétt fyrir framan lestina, en gerði þó ekkert mein. Við vorum á ferðinni alla nóttina og höfðum oftast rigningu, komum þreyttir of votir kl 3 e.h. næsta dag til Reykjavíkur (*Þorvaldur Thoroddsen, Minningabók II, 1923*).

– **Hvammur, Hvammsvík:** ...Engjum heimajarðarinnar spilla leirskriður úr fjalli og lækir er þaðan falla. En engi hjáleigunnar er nær eyðilagt af skriðum. Úthögumum spilla skriður árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

– **Hvítanes:** ...Túnnum og úthögum spillir fjallskriða. Engjar eru nær öngvar, því skriður hafa mestan part eyðilagt þær litlar sem voru. Ekki er túnnum óhætt fyrir snjóflóðum. ...Hreppamannaflutningur er hættur og erfiður yfir brattlendisskriður, þar sem sjór er undir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

– **Hvítanes:** ...ekki er óhult fyrir aurskriðum á túnið (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Reynivallasókn, 1840*).

Brynjudalur

– **Brynjudalur (alm.):** ...Á þrem stöðum sér til fornra rústa í Brynjudal. Ein þeirra er undir fjallinu fyrir ofan Skorhaga og hefir skriða fallið þar ofan, svo eigi sér nema ógjörla til rústarinnar. (*Brynjúlfur Jónsson, Rannsóknir fornleifa sumarið 1907, Árbók Fornleifafélagsins, 1908*).

– **Þrándarstaðir:** ...Úthögum spilla fjallskriður en engjunum leir og sandur, sem lækir úr fjalli bera. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

– **Þrándarstaðir efri, Þrándarstaðir neðri:** ...þessar jarðir eru ekki óhultar fyrir aurrennsli á tún úr læk, sem fellur úr fjallinu að ofan (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Reynivallasókn, 1840*).

– **Botnssúlur:** ...Til hægri handar rísa reglulegir hjallar í undirhlíðum Botnssúlna og eru þeir byggðir upp af blágrýti og eru fjarska fallega byggðir en allir drifnir lausagrjóti, sem hrunið hefur niður um á þá og uppi yfir hefjast snarbrattar móbergshlíðar Botnssúlu hinnar nyrðri (*Kristján Jóhannsson, Innsveitir Hvalfjarðar, 1989*).

– **Ingunnarstaðir, Hrisakot:** ...Túnnum og engjum grandar skriða til stórmeina og kostar stórerfiði að moka. Hætt er fyrir snjóflóðum á bæ og tún. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

– **Ingunnarstaðir:** ...ekki frí fyrir skriðuföllum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Reynivallasókn, 1840*).

– **Skorhagi:** ...Enginu spilla skriður og hefur bærinn fluttur verið fyrir þann skuld, að skriður eyðilögðu hin fornu tún að ofan, en áin að framan. Var hinn forni bær kallaður Múli, og er þar nú auðn, en í staðinn komin þessi jörð, Skorhagi, fyrir meir en hundrað árum. Aldrei hafði þar fyrri bær verið sem nú stendur hann. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

– **Skorhagi:** ...Óvíst er nú, hvar bærinn í Múla hefir staðið, en líkur til, að það hafi verið sunnan í Múlanum (Múlafjalli), inn frá bænum Skorhaga, milli hans og Inngunnarstaða. Þar eru sýnilegar rústir, en skriða hefir fallið á staðinn, eftir að skógur var eyddur í hlíðinni upp frá bænum. Hlíðar eru brattar að dalnum (*Björn Bjarnason, Kjósarsýsla 1937, Landnám Ingólfs II, 1936–40*).

– **Þórkötlustaðir:** ...Segja menn í gamla daga hafi býli verið, þar sem nú er stekkur frá Skorhaga. Er þar mestallt land í kring skriðum hulið og öngvar sjást þar girðingar nér byggðamerki, vita menn og ekki hér til nema einber munnmæli. Það er víst, að þetta land hefur fylgt Múla, meðan svo hét bærinn, og síðan Skorhaga fylgt um aldur og ævi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kjósarhreppur 1705*).

Borgarfjarðar– og Mýrasýslur

Hvalfjörður

– **Stóri–Botn:** ...Engjar hinar fornu eru mjög eyddar af leirskriðum úr fjallendi, svo nú eru engjar á víð og dreif, þar sem hent verður í skógi eður í fjarska í fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvalfjarðarstrandarhreppur 1706*).

– **Þyrill:** ...Túnin líður oft skaða af fjallskriðu. Högunum spilla skriður árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvalfjarðarstrandarhreppur 1706*).

– **Þyrill:** ...Ekki er meira af Múlafjalli að segja, utan hvað alltaf hefur verið hætta af ofanhröpum þaðan niður á veginn, bæði staksteinum og skriðum, og er auðvitað enn, þótt nú sé komið bundið slitlag á veginn og var það lagt árið 1987, öllum vegfarendum til mikillar gleði. Nú er einnig verið að leggja bundið slitlag á veginn út með Botnsvogi undir Þyrilshlíð, en hér er sömu sögu að segja og undir Múlafjalli, og hafa skriður oft lokað veginum. ...Þegar inn fyrir Hálsnes kemur hefst hinn eiginlegi Hvalfjarðarvegur, er áður fyrr þótti oft háskasamlegt að fara vegna hættu af skriðuhlaupum. Sú vá vofði einnig yfir undir Múlafjalli og síðan Þyrilshlíð norðan fjarðar. Vegurinn á þessum þremur hættusvæðum er auðvitað mun betri en áður var og auk þess liggur brautin nú mun neðar norðan undir Reynivallahálsi en áður var. Þrátt fyrir þetta er ávallt hætta af staksteinahröpum og skriðuföllum þegar votviðri gang líkt og fyrrum var (*Kristján Jóhannsson, Innsveitir Hvalfjarðar, 1989*).

– **Þyrilshlíð:** ...Hlíðin út með Botnsvogi að norðan heitir Þyrilshlíð. Er hún brött og grjótrunnin og erfitt vegarstæði, enda teppa þar stundum skriðuföll samgöngur (*Árbók FÍ, 1950*).

– **Litli–Sandur:** ...Fjallskriður skaða bæði í högum og engjum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvalfjarðarstrandarhreppur 1706*).

– **Miðsandur:** ... (1662) Þann 9. Júnii (annað handrit: 9. Maí) kom regn mikið, en þó vindur ekki mikill, og í því hlupu skriður miklar víða, bæði á tún, engjar og í úthaga, sérdeilis á þessar jarðir hér syðra. ...svo og á Miðsand á Hvalfjarðarströnd, sem aftók mestöll túnin og mikið af slægjum utangarðs (*Fitjaannáll*).

– **Miðsandur:** ...Skriður spilla bæði túnnum og engjum merkilega og kvartar ábúandi að erfitt sé burta að moka og komi þó ekki betalingur fyrir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvalfjarðarstrandarhreppur 1706*).

– **Brekka:** ...Engjunum spilla smám saman leir og smámöl úr fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvalfjarðarstrandarhreppur 1706*).

– **Ytra–Miðfell:** ...Ekki er óhætt á túnunum spilli skriða, og sker það oft smávægis, hefur og fallið mikið í manna minni, svo fellur og stórgjót á túnin. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvalfjarðarstrandarhreppur 1706*).

Akranes

– **Akrafjall:** ...hinn 14 og 16 ágúst (1784). ...jarðskjálftar þessir voru harðastir í Árnassýslu og Rangárvallasýslu, þó einkum í Árnassýslu; menn fundu og allharða kippi um allan suðvesturhluta landsins og nokkrar hreyfingar í fjarlægum héruðum. Magnús Stephensen segir frá byrjun jarðskjálftans á þessa leið: „14 ágúst var ég staddur á Innrahólmi á Akranesi; milli klukkan 4 og 5 e.m. hristust þar hús öll, eins og alt ætlaði niður að keyra og allir hlupu út og ég líka; öll suðurhlíðin á Akrafjalli var hulin reykjarmekki, því alstaðar féllu skriður, og stór björg féllu úr sjávarhömrunum fyrir neðan bæinn. (*Þorvaldur Thoroddsen, Jarðskjálftar á Suðurlandi, 1899*).

– **Akrafjall:** ...um sumarið, 14 dag ágústmánaðar (1784). ...Mestur var jarðskjálftinn í Árnassýslu. ...Magnús Stephensen segir svo frá, að hann var þá staddur á Innra–Hólmi, og þegar hræringin hófst og menn stukku út úr húsunum, sá hann að öll suðurhlíð Akrafjalls stóð í einum reyk af grjótkastinu og stór björg brotnuðu úr klettum við sjóinn. (*Jónas Hallgrímsson, Um landskjálfta á Íslandi, Rit IV, 1934*).

– **Akrafjall:** ...Jarðskjálftinn 14. ágúst 1784. ...Akrafjall var hulið reykjarmekki, því stórir steinar hrundu úr sjávarhömrum (*Pálmi Hannesson, Landið okkar, 1957*).

– **Akrafjall:** ...(Suðurlandskjálftar 1896): Skriður féllu víða úr fjöllum þar sem hreyfingarnar voru miklar og jafnvel sumstaðar utan jarðskjálftasvæðið sjálft, vér höfum t.d. fyrr getið um grjóthrun og skriður í Vestmannaeyjum, úr Lágafelli, Akrafjalli og Hafnarfjalli og eflaust hafa skriður og grjót hrunið víðar fyrir utan undirlendið, þó þess sé ekki getið (*Þorvaldur Thoroddsen, Jarðskjálftar á Suðurlandi, 1899*).

– **Stórfellsöxl:** ...Hætt er við snjóflóðum af bæjarlæknum mjög svo, að oft hefur þar af skaði orðið, þó hvorki manntjón eða peninga. Sami lækur ber skriður á tún og engjar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skilmannahreppur 1706*).

– **Gröf:** ...Skriður hafa fordjarfað engi, það sem að fornu var, og svo mótak, sem jörðin hafði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skilmannahreppur 1706*).

- **Innri-Hólmur:** ... (Suðurlandskjálftar 1896): ... hinn seinasti jarðskjálftakippur sem skaða gjörði kom fimmtudaginn 10. september kl. 11,20 mín. f.h. fannst hann um Suðurlandsundirlendið alt, en var langharðastur ofan til í Flóa. ... skriður nokkrar féllu úr Lágafelli og Hafnarfjalli og úr Akrafjalli hljóp mikil skriða rétt fyrir utan bæinn Innra-Hólm (Ísafold 1896, bls. 235) (dagsetning er á reiki, annað hvort 26.–27 ág. eða 10. sept.). (*Þorvaldur Thoroddsen, Jarðskjálftar á Suðurlandi, 1899*).
- **Efri-Reynir:** ... Túnnum og engjum og högum er hætt við fjallskriðum. Ekki er óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Akraneshreppur 1706*).
- **Akrafjall, Guðfinnuþúfa:** ... 21. nóvember 1955 fórst flugvél í norðurhlíðum Akrafjalls, nokkurn vegin miðja vegu milli Geirmundartinds, sem er 643 m yfir sjávarmáli og Guðfinnuþúfu, sem er sérstök klettanibba á norðurfjallinu, lítið eitt sunnar á fjallshryggnum. ... hafði flugvélin flogið beint á hamravegginn og sprungið bókstaflega í tætlur. Brak úr vélinni, lá dreift á stóru svæði í fjallshlíðinni. ... Á meðan leitarmenn dvöldu á slysstað kom steinn á fleygiferð úr fjallinu og slasaðist einn mannanna (23.11.1955). Var öllum fyrirskipað að tala lágt því bergið vitrist óvenju laust og viðkvæmt fyrir hljóðöldum. (*Bragi Þórðarson, Flugvél ferst í Akrafjalli, Borgfirsk Blanda, 1984*).
- **Arkarlækur:** ... Hætt er kvikfé fyrir grjóthruni úr þverbröttum klettum og svo foröðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Skilmannahreppur 1707*).
- **Kjalardalur:** ... Fjallskriður spilla landinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Skilmannahreppur 1707*).

Svínadalur

- **Þórustaðir:** ... Aurskriður renna á engið, og er hætt við skaða ef oft rennur í sama stað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Hvalfjarðarstrandarhreppur 1706*).
- **Dragháls:** ... Hætt er bænum fyrir snjóflóði og túnnum fyrir skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Hvalfjarðarstrandarhreppur 1706*).
- **Kambshóll:** ... Skriða hefur fyrr nokkrum sumrum spillt skógi og högum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Hvalfjarðarstrandarhreppur 1706*).
- **Hlíðarfótur:** ... Snjóflóð og fjallsskriður spilla högum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Hvalfjarðarstrandarhreppur 1706*).
- **Tunga:** ... Skriða sú, er Skarðsland fordjarfaði, tók af þessu landi mikið engjastykki. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Hvalfjarðarstrandarhreppur 1706*).
- **Efra-Skarð:** ... (1335) Þá var Jakobsmessu regn hið mikla. Hlupu víða skriður stórar og urðu vötn svo stór að þau geystust úr farvegi sínum. Þá tók heydes og mann úr garði að eystra Skarði í Leirársveit (*Gottskálksannáll*).

– **Efra-Skarð:** ... (1664) Þann 31. Januári var fjúk með frosti, og í því hljóp mikil skriða á Efra-Skarði í Leirársveit, og gerði mikinn skaða, lenti á landi og slægjum; hún var að hlaupa langsamlega þar eftir (*Fitjaannáll*).

– **Efra-Skarð:** ...Fjallskriða hefur fyrir 40 árum gjört merkilegan engjaskaða, og svo á högum (1664). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvalfjarðarstrandarhreppur 1706*).

– **Grundarkot:** ...Eyðihjáleiga (Efra-Skarð) hefur í auðn verið síðan skriðan fordjarfaði jörðina (1664), en var fyrst uppbyggð innan 60 ára. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvalfjarðarstrandarhreppur 1706*).

– **Grundarkot:** ...Grundarkot var hjáleiga, sem var byggð frá jörðinni á 17. öld, en fór í eyði, er skriða féll á landið. Þá lagðist kotið aftur til heimajarðarinnar (*Jakob Jónsson o. fl. (ritstj.), Byggðir Borgarfjarðar II, 1989*).

– **Hreintún:** ...Kostir og ókostir fyrir utan vatnsból sem áður segir um Hávarðsstaði, nema hvað ábúandi kvartar að grjótskriður spilli túni og engjum, sem nábúar meina að með tíðinni bætist. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Leirársveit 1707*).

Andakíll

– **Hafnarfjall:** ... (Suðurlandskjálftar 1896): ...hinn seinasti jarðskjálftakippur sem skaða gjörði kom fimmtudaginn 10. september kl. 11,20 mín. f.h. fannst hann um Suðurlandsundirlendið alt, en var langharðastur ofan til í Flóa. ...skriður nokkrar féllu úr Lágafelli og Hafnarfjalli (*Þorvaldur Thoroddsen, Jarðskjálftar á Suðurlandi, 1899*).

– **Skógarkot:** ...Hætt er fyrir fjallskriðum og vaxa þær árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Andakílshreppur 1707*).

– **Grjóteyri:** ...Túninu granda grjótskriður úr á þeirri sem fellur hjá bænum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Andakílshreppur 1707*).

– **Ytri-Skeljabrekka:** ...Lækjarskriða spillir túninu, og þó ekki að nýjúngu til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Andakílshreppur 1707*).

– **Hestur:** ...Högunum spilla skriður úr Hestfjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Andakílshreppur 1707*).

– **Kvígstaðir:** ...Landinu spilla skriður úr Hestfjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Andakílshreppur 1707*).

Skorradalur

– **Horn:** ...Landskyld lxxx álnir, hefur fyrir 10 árum verið níutíu álnir, því afturfært að skriða spilti túnunum (1697). ...Túninu granda grjótskriður úr ánni, sem fellur hjá

bænum, og er jafnan uggvænt fyrir þeim skaða, og er ekki bænum fyrir því óhætt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skorradalshreppur 1707*).

– **Mófellsstaðakot:** ...Túninu spillir lækjarskriða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skorradalshreppur 1707*).

– **Vatnshorn:** ...Túninu granda fjallskriður stórlega. Ekki er heldur bænum óhætt fyrir fjallskriðum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skorradalshreppur 1707*).

– **Bakkakot:** ...Hlunnindi önnur, kosti og ókosti hefur þetta býli sameiginlegt og óskipt við heimajörðinni á Fitjum nema hvað hér er ekki skriðuhætt á túnið, vide Fitja. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skorradalshreppur 1707*).

– **Fitjar:** ...Engjum og túnnum granda fjallskriður til stórskaða. Ekki er bænum óhætt fyrir fjallskriðum. Landið fordjarfa og fjallskriður til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skorradalshreppur 1707*).

– **Fitjar:** ...(1701) Miðvikudaginn fyrstan í vetri, sem var 26. 8bris, hljóp stór skriða á túnið á Fitjum í Skorradal úr fjallinu og á milli túnanna allt ofan í mýri, svo og að húsagarðinum, en fyrir guðlega hjálp sakaði ekki húsin. Hún var að breidd nær 40 faðmar. Tvær skriður aðrar fyrir ofan túnið tóku sig upp. Sú vestari hljóp fyrir utan túnið og gjörði túninu ei stóran skaða, en sú þriðja lenti langt fyrir ofan túnið í fjallinu. Á þeim degi hlupu alls 13 skriður nálægt Fitjum, með stórum og smáum. Ekki vissu menn skriður á Fitjatún fyrir fallið hafa eða þvílíkt jarðarumrót þar verða (*Setbergsannáll*). ...(1701) Þá hlupu skriður víða í Skorradal, og gerðu stóran skaða á túni og engjum, sérdeilis á Fitjum (*Grímsstaðaannáll*).

– **Háafell:** ...Túninu granda leirskriður úr fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skorradalshreppur 1707*).

– **Stólpastaðir:** ...Túninu grandar lækjarskriða úr fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skorradalshreppur 1707*).

– **Dagverðarnes:** ...Túninu granda lækjarskriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skorradalshreppur 1707*).

– **Hvammur:** ...Túninu granda jarðföll og skriður. Hætt er skógi, túnnum og haga fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skorradalshreppur 1707*).

Lundarreykjadalur

– **Lundarreykjadalur (alm.):** ...Skriðufalla gætir nokkuð úr hliðunum báðum megin dalsins, og virðist þó meir orð á gert í gömlum frásögnum en ástæða er til (*Árbók FÍ, 1954*).

– **Mávahlíð:** ...Enginu er ei óhætt fyrir leirskriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lundareykjadalur 1708*).

- **Gröf:** ...Landskuld l álnir, hefur áður verið lxx álnir, því aftur færð að skriða spilti. Túninu spillir grjótskriða úr fjalli til stór fordjörfunar, svo að hætt er bæði húsum og túni fyrir eyðileggingu. Svo er hætt við snjóflóðum sem að skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lundareykjadalur 1708*).
- **Kross:** ...Túninu spillir fjallskriða, og er af henni árlega skaða von. Fyrir sömu skriðu er bænum hætt. Engjunum grandar sama skriða. ...Hætt er högum og kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lundareykjadalur 1708*).
- **Kistufell:** ...Hætt er túni fyrir fjallskriðu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lundareykjadalur 1708*).
- **Snartastaðir:** ...Ekki er bænum óhætt fyrir skriðu og hefur að fornu spilt. Engjunum spilla fjallskriður, og eru þar af mjög eyddar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lundareykjadalur 1708*).
- **Hóll:** ...Ekki er túnnum óhætt fyrir snjóflóðum, og hefur það skaða gjört til forna. Engi og högum spilla skriður og snjóflóð. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lundareykjadalur 1708*).
- **Iðunnarstaðir:** ...Túninu granda leir og jarðföll. Ekki er túnnum óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lundareykjadalur 1708*).
- **Tungufell:** ...Hætt er túninu fyrir skriðu, og hefur hún stórskaða gjört að fornu og nýju. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lundareykjadalur 1708*).
- **Oddstaðir:** ...Hætt er túnnum fyrir fjallskriðu, og hefur hún að fornu til stórskaða orðið. Hætt er högum fyrir skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lundareykjadalur 1708*).
- **Gullberastaðir:** ...Leigugildi vii, hafa áður verið viii, því fækkað að skriða spilti. ...Túninu grandar skriða úr fjalli til stórskaða og snjóflóð með, svo að hvorki er óhætt bæ né peningahúsum, mönnum né kvikfé, og er uggvænt fyrir þeim voða, hefur og næstu 2 ár mikið af orðið. Engjum og úthögum er og svo hætt við skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lundareykjadalur 1708*).
- **Lundur:** ...Túninu er hætt fyrir fjallskriðum og svo engjum og högum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lundareykjadalur 1708*).
- **Lundur:** ...engi og beitaland gott og mikið að víðáttu, þó af sér gangi af skriðum. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).
- **Lundur:** ...Bærinn stendur undir breiðri tungu allnokkuð frá hálsinum (Lundarhálsi), austarlega í landareigninni. Árið 1981 varð mikið framhlaup úr þessum hjalla, sem braut fjós og drap marga nautgripi (*Jakob Jónsson o. fl. (ritstj.), Byggðir Borgarfjarðar II, 1989*).

– **Arnþórsholt:** ...Túninu er hætt fyrir skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lundareykjadalur 1708*).

– **Andróastaðir:** ...Forn eyðijörð í Skálpastaðalandi, hefur aldrei byggst í manna minni, en Skálpastaðamenn halda átölulaust og brúka grasnautn alla, þá sem eftir er, það sýnist að skriða muni þessa byggð eyðilagð hafa, og valla eður ei má hér aftur byggja, en ef byggt væri, þá vill það aftur rýra jörðina Skálpastaði jafn mikið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lundareykjadalur 1708*).

– **Andróastaðir:** ...Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns nefnir Andróastaði sem forna eyðijörð í Skálpastaðalandi, og er þar tilgáta um, að hún hafi eyðst af skriðu um 1600. Andróastaðir eru austur undir merkjum Skálpastaða og Arnþórsholts, fast neðan þjóðvegur (*Jakob Jónsson o. fl. (ritstj.), Byggðir Borgarfjarðar II, 1989*).

Flókadalur

– **Varmilækur:** Högum og skógi spilla skriður margoft, og hætt við jafnan að sá skaði vaxi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Andakilshreppur 1707*).

– **Múlastaðir:** Landskuld xl álnir næst liðið ár, því afturfært frá lx álnum, sem þangað til voru, að fjallskriða fordjarfaði besta hluta túnsins. Túninu grandar fjallskriða árlega til stórskaða.– Ekki er bænum óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Andakilshreppur 1707*).

– **Brennistaðir:** ...Enginu spilla leirskriður úr brattlendi. Ekki er óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykholtisdalur 1708*).

– **Geirshlíð:** ...Túninu grandar grjótskriða úr vondu gili, og er jafnan hætt við þeim skaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykholtisdalur 1708*).

Reykholtisdalur

– **Vesturkot:** ...Þriðji bær af jörðunni Skáney. ...Túninu granda smá aurskriður, sem þó verða bættar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykholtisdalur 1708*).

Hálsasveit

– **Sigmundarstaðir:** ...Ekki er túninu óhætt fyrir lækjarskriðum úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hálsasveit 1708*).

– **Augastaðir:** ...Enginu granda grjótskriður úr brattlendi, svo það er mjög eytt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hálsasveit 1708*).

– **Stóri Ás:** ...Túninu grandar bæjarlækur með grjótskriðum til stórskaða, eykst árlega og horfist enn til meira. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hálsasveit 1708*).

Hvítársíða

– **Húsafell:** ...Túninu grandar skriður úr fjalli með grjóti og sandi til stórskaða, sem árlega fer í vöxt.. Engjunum granda og skriður úr brattlendi, smágiljum og lækjum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvítársíða 1709*).

– **Húsafell:** ...(úr sóknarlýs. 1842). Skammt vestur frá Húsafelli, þar sem nú er stekkurinn, segja menn hafi verið Grímmsgil, og að þar hafi kirkja verið, en eyðst af skriðuhlaupi úr fjallinu. (*Matthías Þórðarson, Smávegis um nokkra staði og fornmenjar, Árbók Fornleifafélagsins, 1909*).

– **Húsafell:** ...Nú vita menn að Reyðarfell var fyrir sunnan Hvítá, undir sömu fjallshlíð og Húsafell, nokkru vestar. ...Hlíðin fer lækandi út frá Húsafelli út eftir Húsafellsfjalli og verður hjallamynduð. Þar eru líparít-skriður í brúnum hennar, og upp á hjallanum, austan til miðjum, spölkorn fyrir ofan brúnina, stendur sérstakur líparíthnjúkur, sem heitir Reyðarfell, án efa af hinum rauða lit líparítsins. Beint undan hnjúknum eru rústir bæjarins Reyðarfells neðan til í hlíðinni. Þær eru margar og stórar, virðist þar hafa verið stórbýli, ef ekki fleirbýli. Þar er graslendi, og eru rústirnar grænar, að því er séð verður er þær eigi fornlegar. Mun byggð hafa haldist þar nokkuð lengi, en eyðst af skriðum, er fallið hafa á túnið. Nokkurn veginn sér þar fyrir kirkjutótt og kirkjugarði. Fyrir neðan er slétt grund, sem liggur undir allri hlíðinni til Húsafells. En meðfram grundinni rennur á sú, er Kaldá heitir, það er bergvatnsskvísl, sem sprettur upp undan Húsafellshrauni, þar skammt fyrir innan bæinn, og rennur beint út í Hvítá. ...Önnur bæjarrúst er í Kaldárbotnum. Hún hefir forna lögum, en er þó græn og grænt kringum hana. Mun því byggð hafa haldist þar nokkuð lengi fram eftir öldum, en eyðst af því, að skriða úr svonefndu Selgili hefir umrótið mest öllu túninu. Munnmæli segja að þetta sé Karlstaðir. (*Brynjúlfur Jónsson, Nokkur bæjarnöfn í Landnámu í ofanverðri Hvítársíðu og Hálsasveit, Árbók Fornleifafélagsins, 1893*).

– **Kalmanntunga:** ...Engjunum grandar vatnsfall, sem heitir Fljót, með landbroti og grjóts og sands áburði, og svo öðru engjatakmarki, skriður úr brattlendi, hvert tveggja til stór meina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvítársíða 1709*).

– **Kötlutún:** ...Forn eyðihjáleiga (frá Kalmanntungu) ekki byggð í 100 ár eður lengur. Ekki má hér með nokkru móti aftur byggja fyrir heyskaparleysi, því túnstæði er allt í hrjóstur og skriður komið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvítársíða 1709*).

– **Brenna:** ...Annað fornt eyðibýli hér í landinu (frá Kalmanntungu). Ekki má hér aftur byggja, því yfir túnstæðið er fallin skriða, en landið brúkar til beitar Kalmanntunga. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvítársíða 1709*).

- **Bjarnastaðir:** ...Engjunum granda skriður úr smálækjum til stórskaða, og því varla til engja að telja annað en hent verður í hagbeit. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvítársíða 1709*).
- **Kirkjuból:** ...Túninu grandar skriða úr brattlendi sem rennur yfir bæjarlækinn og síðan á túnið. Engjar, þær litlar sem eru, spillast af skriðum úr brattlendi og jarðföllum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvítársíða 1709*).
- **Hvammur:** ...Túninu grandar bæjarlækur með grjótsáburði. Engjar öngvar nema hvað hent er úr vallendisbrekkum, fordjarfast þó af skriðum og grjóti. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvítársíða 1709*).
- **Haukagil:** ...Enginu granda skriður úr brattlendi með aur og grjóti, sem þó eru smáblettir í fjallshlíð. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvítársíða 1709*).
- **Sámstaðir:** ...Túninu grandar lækur úr brattlendi, sem ber á það grjót og aur í vatnagangi til stórskaða. Engjar dreifar með smáblettum í fjallshlíð, sem spillast af aur og grjóthruni árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvítársíða 1709*).
- **Háafell:** ...(1695) Á því sumri hlupu víða skriður og gerðu skaða, tók af mestöll tún á Völlum á Kjalarnesi og meir en hálf á Háafelli í Hvítársíðu (*Fitjaannáll*).
- **Háafell:** ...Jarðardýrleiki xvi c og svo tíundast fjórum tíundum, en áður inn til næstu 14 ára tíundaðist hún xxiiii c; var aftur færður dýrleikinn fyrir eitt vofeiglegt skriðufall, sem þá féll á túnið og allt heim undir bæinn, og eyðilagði mikinn hluta túnsins (1695). ...Túnið liggur undir stórum skaða og eyðilegging af skriðufalli, og er meir en þriðjungur þess fordjarfaður, og fer þó árlega í vöxt, svo að sýnilegt er að þessi jörð muni fyrir þessum skaða eyðileggjast innan fárra ára. Er og bænum ekki óhætt fyrir þessum skaða, en þó hefur það ekki að meini orðið allt til þessa, þó eru menn mjög uggandi fyrir þessum skaða. ...Engjar þær einar, sem að hent verður úr vallendisbrekkum, sem spillast þó af aur og grjóthruni úr fjallinu árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvítársíða 1709*).
- **Tóftahringur:** ...Engjunum granda skriður og aur úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvítársíða 1709*).
- **Fróðastaðir:** ...Enginu sem liggur með Hvítá granda jarðföll og grjóthrun. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvítársíða 1709*).
- **Síðumúli:** ...Engjunum sem með Hvítá liggja, spillir grjóthrun og jarðföll, svo og sandfok. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvítársíða 1709*).
- **Kjarrárdalur:** ...Árið 1974 féll mikil skriða úr hlið Örnólfsdalssands (fjall) ofan í ána við jarðskjálftakipp (*Jakob Jónsson o. fl. (ritsj.), Byggðir Borgarfjarðar III, 1993*).

Þverárhlið

- **Karlsbrekka:** ...Túninu spilla smáskriður úr brattlendi. ...Hætt er kvikfé fyrir snjóflóði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Þverárhlið 1708*).
- **Lækjarkot:** ...Engjum spilla grjót og úr lækjum úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Þverárhlið 1708*).
- **Höll:** ...Engjar spillast af grjótskriðum úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Þverárhlið 1708*).

Stafholtstungur

- **Einifell:** ...Túninu grandar grjót og leir úr brattlendi og verður oft að meini. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Stafholtstungur 1709*).

Norðurárdalur

- **Svartagil:** ...Túninu spillir skriða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Norðurárdalur 1708*).
- **Glitstaðir, Uppsalir:** ...Hætt er bæði högum og selhúsum fyrir snjóflóðum og skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Norðurárdalur 1708*).
- **Sveinatunga:** ...Túninu grandar grjótskriða úr brattlendi. Engjar öngvar, nema þar sem hent verður í skógarrunnum eða fúaflóum. Landinu spilla jarðföll og smáskriður árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Norðurárdalur 1708*).
- **Sveinatunga:** ...(1847) 18. og 19. nóvember hlupu skriður í Norðurárdal í Mýrarsýslu, til stórskemmda á tún og engjar á Hreðavatni, Sveinatungu og Sanddalstungu (*Annáll nítjándu aldar*).
- **Geststaðir:** ...Túninu grandar grjót og vatn úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Norðurárdalur 1708*).
- **Sanddalstunga í Sanddal:** ...Túninu spillir grjótskriða úr lækjargili. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Norðurárdalur 1708*).
- **Sanddalstunga:** ...(1847) 18. og 19. nóvember hlupu skriður í Norðurárdal í Mýrarsýslu, til stórskemmda á tún og engjar á Hreðavatni, Sveinatungu og Sanddalstungu (*Annáll nítjándu aldar*).
- **Hvammur:** ...Tún prestsetursins er undirorpið skriðum. Úttheyslægjur eru litlar heima og sömuleiðis undir skriðum. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).
- **Dýrastaðaá:** ...(1933). Rétt fyrir ofan Dýrastaðaá hafði hlaupið skriða ofan úr klettum fyrir ofan veginn og alveg ofan í Norðurá. Þarna söfnuðust saman margir

bílar, stórir og smáir. (*Guðmundur Albertsson, Póstbílstjóri segir frá, Húnavetningur, 1984*).

– **Dalsmynni:** ...Enginu spillir skriða úr Bjarnadalsá. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Norðurárdalur 1708*).

– **Hvassafell:** ...Grjóthrun og skriður spilla högum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Norðurárdalur 1708*).

– **Hvassafell:** ...Næsti bær við Brekku er Hraunsnef. Upp frá honum er hamrafell mikið og hvassbrýnt, er nefnist nú Hraunsnefsöxl, en sennilegt er að það hafi áður heitið Hvassafell, og dragi bærinn Hvassafell nafn af sjálfu fellinu. Hvassafellsbærinn stendur undir hamrahlíð fellsins, en urðarhólar að nokkru grónir, eru milli túnsins og hlíðarinnar og verja bæinn grjóthruni úr fjallinu (*Árbók FÍ, 1953*).

– **Hreðavatn:** ...Túninu spilla lækjarskriður til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Norðurárdalur 1708*).

– **Hreðavatn:** ...(1847) 18. og 19. nóvember hlupu skriður í Norðurárdal í Mýrarsýslu, til stórskemmda á tún og engjar á Hreðavatni, Sveinatungu og Sanddalstungu (*Annáll níttjándu aldar*).

Mýrar

– **Grenjar:** ...Túninu grandar eitt lækjargil, sem rennur úr fjalli og ber grjót, leir og sand á völlinn til stórskaða. Svo og spillir því grjóthrun úr fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Álftaneshreppur 1709*).

– **Grenjadalur:** ...Þetta er sá bærinn, sem í fjallhögum hefur byggður verið, vide supra Grenja. Hefur í eyði verið næstu 12 ár. Ekki má hér aftur byggja, því túnið, það lítið sem var er öldungis eyðilagt fyrir grjóti og aur úr brattlendi, og í sama máta mikill partur úthaganna. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Álftaneshreppur 1709*).

– **Langavatnsdalur:** ...Við skoðuðum alla þá staði, sem munnmæli benda á, að bær hafi verið, og aðra þá staði, sem okkur þóttu líklegir til þess eftir landslagi. En hvergi var að sjá neinar leifar forna bæja. Tóftir eftir kotið var hið eina, sem sýndi, að þar hefði menn búið nokkurn tíma (um 1800). Rústir hinna fornu bæja, allra nema Borgar, eru án efa horfnar í skriður, sem þar eru víða. Á Borg hefir kotið eyðilagt rústina. ...Vatnsendi á að hafa staðið undir vesturhlíð dalsins fyrir innan vatnsendan. Þar eru miklar skriðu breiður. Hurðarbak á að hafa verið í hvarfi litlu skammt fyrir innan Borg. Þar sjást engar rústir, og mun gil hafa sléttað yfir þær. (*Brynjúlfrur Jónsson, Rannsókn nokkurra eyðibygðna í Mýrarsýslu sumarið 1895, Árbók Fornleifafélagsins, 1896*).

– **Langavatnsdalur:** ...Annað þúfnabarð, sem hann hugði rúst, sá hann innanvert við Rauðhól, sem er vestanmegin í dalnum, áfastur við Okið. Það fjall skilur Hafradal frá megingdalnum. Þetta barð eða rúst var upp undir Okinu, mjög óglöggt og umkringgt

skriðum. Gat hann til að þar hefði Brennunes verið. (*Brynjúlfrur Jónsson, Athugasemd um Langavatnsdal, Árbók Fornleifafélagsins, 1896*).

– **Grímsstaðir:** ...Túninu spilla skriður úr snarbröttu fjalli í vatnagangi og leysingum til stórskaða, svo þar fyrir er fjórðungur túns (yfir eður undir) í hrjóstur kominn. Ekki sýnist heldur bænum óhætt fyrir þessum skriðuhlaupum, hefur þó hingað til ekki að meini orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Álftaneshreppur 1709*).

– **Syðri–Hraundalur:** ...Túninu spilla stórviðri og sumpart aur úr brattlendi í vatnagangi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Álftaneshreppur 1709*).

– **Ytri Hraundalur:** ...Túninu grandar gil eitt, sem ber á það grjót og aur til stórskaða, svo er túnið komið í langvarandi órækt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hraunhreppur 1709*).

Hítardalur

– **Helgastaðir:** ...Enginu spilla og smálækir úr brattlendi, sem bera í slægjulandið aur og grjót, og í sama máta fjallslægjur, sem verið hafa, eru komnar í aur og grjót af skriðum fyrir vatnagangi úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hraunhreppur 1709*).

– **Hítardalur:** ...Engi, sem að fornu var , er eyðilegt af vatni og skriðum. Það, sem nú er brúkað og með ástundan vaktað, er hætt fyrir vatnságangi og aurskriðum úr brattlendi, og þó svo vatnssókt að helmingur heys verður ekki til gagnsmuna þurrkaður í slægjunni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hraunhreppur 1709*).

– **Hítardalur:** ...Útheyslægjur eru litlar nálægt og liggja við skemmdum af leir rennsli, en heyskapur á fjalli fram er mjög örðugur og slægjur að miklu leiti eyddar þar af grjótskriðum. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).

– **Hítardalur:** ...Inn í miðjum dalnum Hítardal er einstakt fell, sem hvergi er áfast fjöllunum beggja megin dalsins, enda er það ólíkt öllum öðrum fjöllum og ásum þar nálægt, og þó víðar væri leitað, að því, að það er alvaxið grænu grasi, og má svo kalla, að hvergi sjáist steinn í því. Lítur svo út, sem þar inni í dalnum sé ekki eins rigningasamt og víða annarstaðar. Annars mundu hér meiri skriður fallnar. Fell þetta er kallað Hólmurinn. ... þar (Hítardalur) er móberg fyrir ofan túnið og hellar í. Einn þeirra er Sönghellir, hann er nú fullur af sandi. Þar sér og glöggt fyrir öðrum helli, sem hefir hrunið niður. Hann hefur verið mjög víður og öll framhlið hans opin og hlaðið undir. ...og verið kallaður Hundahellir. (*Brynjúlfrur Jónsson, Rannsóknir í Mýra– Hnappadals– og Snæfellsnessýslu sumarið 1896, Árbók Fornleifafélagsins, 1897*).

Hnappadals– og Snæfellsnessýslur

Hítardalur

– **Hróbjargarstaðir:** ...Túninu grandar gil með grjótsáburði og grjóthrun úr brattlendi til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kolbeinsstaðahreppur 1709*).

– **Vellir:** ...Túninu er hætt fyrir skriðum úr brattlendi, en hefur þó hingað til að jafnaði ekki til skaða orðið. Engjar öngvar nema hvað með smáblettum verður nýtt úr vallendi við túnið, sem mjög er spillt af grjóthruni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kolbeinsstaðahreppur 1709*).

Kolbeinsstaðahreppur

– **Moldbrekka:** ...Landskuld tíutíu álnir næstu 2 ár, áður í c, og í tíð Sr. Þórðar Jónssonar að Hítardal í c xx álnir. Afturfært því skriður spiltu (1707). ...Túninu grandar í vatnangangi skriður úr snarbröttu fjalli með grjóti og aur til stórskaða, svo að fyrir þessum skaða er tún í hrjóstur komið, fjórðungur þess eður meir. Er og bænum ekki óhætt fyrir þessum voveiflegum skaða, því að nokkrum sinnum hafa hér stórbjörg hrúnið úr fjallinu heim undir bæinn. En hefur þó ekki allt til þessa bænum að því stórmein orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kolbeinsstaðahreppur 1709*).

– **Syðri Skógar/Miðskógar:** ...Túnið spillist af sandi og aur úr brattlendi. Enginu spilla skriður úr brattlendi í leysingum og vatnangangi, sem á eykst árlega. ...Ekki er kvikfé óhætt fyrir klettum eða skriðum, og ekki fyrir dýjum, og verður oft mein að. Ekki sýnist bænum óhætt fyrir skriðum og grjóthruni úr fjalli, þó ekki til þessa hafi að meini orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kolbeinsstaðahreppur 1709*).

– **Ytri Skógar/Litlu Skógar:** ...Túninu granda skriður úr snarbröttu fjalli og fyrir því er í hrjóstur fallinn fjórðungur vallar, yfir eður undir, sem nú er graslaus og aldrei sleginn. Hætt er kvikfé fyrir klettum, skriðum, dýjum og jarðföllum, sem oft verður skaði að. ...Ekki sýnist bænum óhætt fyrir skriðum og grjóthruni úr fjallinu, því um sumarið hljóp skriða úr því á fjárhúsin sem stóðu þá á heimatúninu, svo að fyrir þann skuld voru þau færð þangað sem nú standa þau. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kolbeinsstaðahreppur 1709*).

– **Fagraskógarfjall:** ...þá blasir við sjónum hvítt fjall, sem heitir Fagraskógarfjall, en klettahyrnan fremst í fjallinu heitir Skógarhyrna. Í sólríkri hlið undir hyrnni eru þrjár bæir, Skógabæirnir tveir og Moldbrekka. Yfir bænum gnæfir hyrnan, dökkir, þverhniptir klettar. Hefur margur steinninn og mörg grjótskriðan fallið úr þessari hyrnu niður á túnið, en aldrei valdið tjóni á mönnum, svo í minnum sé haft. (*Stefán Jónsson, Grettisbæli og Fagraskógarfjall, Heima er best, 1957*).

– **Fagraskógarfjall:** ...Fagraskógarfjall er blágrýtisfjall, rís bert yfir eldhraunum og blautaflóum, horfir horn þess í suðvestur og eru hæstu klettar yst 644 m yfir sjávarmáli, en hærri brúnir norðar á fjallinu 684 m. ...Þrjár jarðir eru sunnan undir fjallinu, fyrrum við þjóðleið, það eru Skógabærir: Ytri-Skógar (Litlu-Skógar) og Syðri-Skógar (Miðskógar), er liggja samtýnis, og Moldbrekka. ...Skógarbæirnir og Moldbrekka standa þétt undir fjallinu, og var húsum og túnnum löngum hætt fyrir voveiflegum skaða af stórbjörgum sem hrunið hafa úr fjallinu svo og skriðum í vatnagangi (*Árbók FÍ 1997*).

– **Kaldárbakki:** ...Kolbeinsstaðafjall að útsunnanverðu liggur undir jörð þessa. Er það gott fjalllendi, einkum í áðurnefndri Áslaugar-, nú Kaldárbakkahlíð, en gengur mjög úr sér af skriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hítarnessprestakall, 1841*).

– **Miðgarðar:** ...Enginu grandar lækur einn, sem gjörir landbrot og skriður með aur og grjóti í leysingum og vatnagangi úr snarbröttu fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kolbeinsstaðahreppur 1709*).

– **Ystu-, Mið- og Syðstugarðar:** ...Landið skemmist helst af skriðum úr fjallinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hítarnessprestakall, 1841*).

– **Haukatunga:** ...Beitiland og engjar ganga af sér af skriðum úr fjallinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hítarnessprestakall, 1841*).

– **Tröð:** ...það er yfirhöfðu að segja votlent, og landið skemmist af skriðum úr fjallinu. 1839 féll stór skriða, er skemmdi mjög engið (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hítarnessprestakall, 1841*).

– **Mýrdalur:**Túninu granda skriður úr brattlendi með grjóti og aur til skaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kolbeinsstaðahreppur 1709*).

– **Mýrdalur:** ...landkostir góðir, en allt landið undirorpið skriðuhlaupum úr fjallinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hítarnessprestakall, 1841*).

– **Mýrdalur:** ...Bærinn stendur norðarlega undir Kolbeinsstaðafjalli. ...Túnið var gott og greiðfært, en undir orpið skriðuhættu. (*Þórður Kárasón o.fl. (ritstj.), Byggðir Snæfellsnes, 1977*).

– **Kolbeinsstaðafjall:** ...Sá hluti Kolbeinsstaðahrepps í Hnappadalssýslu, sem liggur meðfram Kolbeinsstaðafjalli, er í daglegu tali kallaður „Miðsveitin”. Austan og suð-austan við byggðina er fjallið, bæði hátt og núpótt, með hamrabelti og hengiflug efra, en neðan undir er brekka bæði brött og há. Skiptast þar á gamlar og nýjar skriður með grasgreinum á milli, vöxnum töðugresi. (*Guðlaugur Jónsson, Norðan-Grána, Heima er best, 1962*)

Hnappadalur

– **Heggstaðir:** ...Engjum, sem hentar eru úr hagamýrum granda skriður árlega til meins. ...Girðingar sjást hér í landinu undir Þverfelli. Það eru munnmæli, að hér hafi

að fornu sjálf jörðin Heggstaðir staðið, en verið færð undan skriðum þangað sem nú er hún. Enginn veit hér rök til meiri en þessi munnmæli segja og ekki má hér aftur byggja, því tún, sem hér hefur verið er komið í hrjóstur og skriður úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kolbeinsstaðahreppur 1709*).

– **Hafurstaðir:** ...landkostir ágætir, en landið undirorpið skemmdum af skriðuföllum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hítarnessprestakall, 1841*).

– **Halkellsstaðahlíð:** ...Engjar sem áður hafa verið eyðilagðar fyrir skriðum, og ekki nú aðrar en það sem hent er úr úthögum í foraðakeldum og flóum. Hætt er kvikfé fyrir skriðum og snjóflóðum úr snarbröttu fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kolbeinsstaðahreppur 1709*).

– **Hallgilsstaðahlíð:** ...Skriður falla úr fjallinu og taka víða af engi, en þó er fjallshlíðin enn þá næsta fögur sjónum og blómleg á sumrum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hítarnessprestakall, 1841*).

– **Oddastaðir:** ...Jörðin er undirorpin skriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hítarnessprestakall, 1841*).

– **Syðri Rauðimelur:** ...Selstöðu á jörðin þar sem heitir Haffjarðardalur, og hálfur liggur til hennar móts við eignir Kolbeinsstaða tilliggjandi jarða. Það land er mjög af sandi spillt og skriðum, svo selstaðan er ekki gagnvænleg og því keypt í Höfðalandi um nokkur ár, en Haffjarðardalur brúkaður til hestabeita. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kolbeinsstaðahreppur 1709*).

Eyjahreppur

– **Eyjahreppur (alm.):** ... (breytingar á landslagi): Það er ekki að merkja á sögum né annálum, að landslag hafi verið öðruvísi en nú er, utan hvað menn sjá, að skriður rífa grasrót af fjöllum og sjór gengur upp á land og brýtur upp jörð (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Miklaholts- og Rauðamelssóknir, 1840*).

Eyjahreppur (1840): ...Hausthús, Hömluholt, Rauðkollsstaðir, Kolviðarnes, Hrossholt, Akurholt, Hrútsholt, Söðulsholt, Dalsmynni, Þverá, Gerðuberg, Ytri-Rauðamelur, Höfði. Á þessum jörðum er hætt við nokkrum landskemmdum af skriðum, en ekki eins og í Miklaholtshrepp, því hér eru fjalllönd víðlendari, óbrattari og grasmeiri (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Miklaholts- og Rauðamelssóknir, 1840*).

– **Ytri Rauðimelur:** ...Túninu grandar grjóthrun úr snarbrekku, líka sandfok og smáskriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyjahreppur 1714*).

– **Rauðkollsstaðir:** ...Högunum í fjallinu smá eyða skriður úr hömrum Hafursfells. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyjahreppur 1714*).

Miklaholtshreppur

– **Miklaholts (alm.):** ... (breytingar á landslagi): Það er ekki að merkja á sögum né annálum, að landslag hafi verið öðruvísi en nú er, utan hvað menn sjá, að skriður rífa grasrót af fjöllum og sjór gengur upp á land og brýtur upp jörð (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Miklaholts– og Rauðamelssóknir, 1840*).

– **Miklaholtshreppur (1840):** ... Ytra–Lágafell, Syðra–Lágafell, Hofstaðir, Hrisdalur, Dalur, Hjarðarfell, Moldbrekka, Miðhraun, Hörgsholt, Borg, Klofárvellir, Svarfhóll, Sel, Hólsland. Eru allar þessar jarðir undirorpnar skaða af skriðum, en þurrlandara er þar en miðsveitis (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Miklaholts– og Rauðamelssóknir, 1840*).

– **Stórapúfa:** ... Enginu grandar aurskriður úr fjallgiljum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miklaholtshreppur 1714*).

– **Borg:** ... Túni Sigríðar granda grjótskriður úr brattlendum mel, og líka grjótskriður hennar engi úr aurgiljum og vatnsfalli sem heitir Klofá (heitir Kleifá nú). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miklaholtshreppur 1714*).

– **Hjarðarfell:** ... Túninu er hætt fyrir skriðu úr bröttu fjallgili, og svo fyrir snjóflóðum, sem oftlega falla. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miklaholtshreppur 1714*).

Staðarsveit

– **Staðarsveit (alm.):** .. Hlíðar allar með fjallinu líta út fyrir að hafa fallið í skriður og orðið graslausar síðan á landnámstíð og sjóarströndin stórlega skemmst af sjóágangi og sandfoki (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðarstaðarsókn, 1839*).

– **Elliði:** ... Það er enn haft eftir Jóni (Kukk) að hamarinn, sem skútir yfir bæinn Elliða í Staðarsveit, og stórir hraunkletta hafa hrunið úr, sem liggja umhverfis bæinn eigi alveg að falla yfir hann, þegar sá bóndi býr á Elliða, sem á sjö syni og þeir halda allir í einu brúðkaup sín til sjö systra (*Jón Arnason. Íslenskar þjóðsögur og ævintýr, úr Kukkspá*).

– **Elliði:** ... Elliðahamar gnæfir í norðri, hár og hrikalegur, og sést nú betur en fyrr, hvernig hlíðar hans eru. Eru það stór björg sem hrunið hafa úr hömrnunum. Bærinn Elliði stendur þar undir, allhættulega að því virðist, enda mun svo sagt í Kukkspá, að hamarinn hrynji yfir bæinn, ef einhver fáránleg skilyrði verði fyrir hendi (*Árbók FÍ, 1932*).

– **Elliði:** ... Elliði fór í eyði árið 1944, en bærinn stóð undir hinum hrikalega Elliðahamri og þótti vart hættulaust að búa þar, því að grjóthrun er mikið úr hamrinum og margir stórir steinar og klettur í túninu. ... Stærsti og merkasti kletturinn í túninu er Gýgjarsteinn vestur frá bæjarrústunum. Uppi í miðjum hamrinum er stór hellisskúti, nefndur Hamarsgatið. Segir þjóðsagan, að tröllkona, sem bjó í hamrinum, hafi spyrnt þessum kletti úr gatinu og ætlað honum að lenda á bænum (*Árbók FÍ, 1982*).

- **Álftavatn:** ...Stórgrýtis skriður úr fjalli spilla engjunum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarsveit 1714*).
- **Efri–Hóll:** ...Vestan við Furudali eru Leysingjahamar (Leysingahamar) og Hólshamar, en fjallið nefnist Hólsfjall, kennt við bæinn Efra–Hól. Úr Leysingjahamri er mikið hrun einkum í leysingum á vorin og gæti nafnið átt rætur að rekja til þess (*Árbók FÍ, 1982*).
- **Slitvindaðaðir:** ...Ekki er túninu óhætt fyrir skriðum. Enginu grandar skriða úr fjallgili, en högunum grjótburður af Laxá og grjótkast úr þverbröttum fjallshlíðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarsveit 1714*).
- **Slitvindaðaðir:** ...Fjalllendi er stórt, en bratt og gróðurlítið og falla þar stundum skriður, sem valda tjóni (*Þórður Káráson o.fl. (ritstj.), Byggðir Snæfellsness, 1977*).
- **Slitvindaðaðir:** ...Norðvestur frá Hóli upp við fjallsræturnar er bærinn Slitvindaðaðir (Slítandaðaðir). ...Þarna er hætt við skriðuföllum og einkum olli Stekkjargil tjóni á landi, en því hefur nú verið bægt frá með fyrirhleðslu (*Árbók FÍ, 1982*).
- **Slitvindaðaðir:** ...Jörðin er allstór og skiptist land í stararflóa og grýttar eyrar vestur að Barnalæk með fjallinu. Fjalllendi er stórt, en bratt og gróðurlítið og falla þar stundum skriður, sem valda tjóni. (*Þórður Káráson o.fl. (ritstj.), Byggðir Snæfellsnes, 1977*).
- **Þorgeirsfell:** ...Túnið spillist af grjótsuppgangi, og þar með fellur hættulegt stórgrýti úr þverbröttu fjalli og hætt fyrir skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarsveit 1714*).
- **Kálfárvellir:** ...Leigukúgildi vi með allri jörðinni og svo í 30 ár, áður vii, nokkrum sinnum hafa verið v kúgildi, þegar túnið hefur spjallast af skriðum. Túninu grandar skriða úr fjallgili. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarsveit 1714*).
- **Bjarnarfoss:** ...Túni grandar grjótskriða úr fjalli, svo öðrum bænum er ekki óhætt. Engjunum grandar sama skriða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarsveit 1714*).

Breiðavík

- **Breiðavík (alm.)** ... (um fjöll): Þó hefi ég víðast séð þeim haga svoleiðis, að blágrýtið hefir verið ofar en móbergið neðar. Sumstaðar er líka hvort um sig eintómt og sést það best af skriðum þeim, sem hér og hvar hafa hrapað. ... (breytingar á landslagi): Ei hefi ég þær sögur heyrt né séð, er greini frá breyting á landslagi hér síðan landnámatíð, en auðséð er, að mikið hefur jörð hér af sér gengið, einkum hafa fjallahlíðarnar stórskemmst af skriðum, sem hrapað hafa úr fjöllum. Sést þess mismunur næstum á hverju ári (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Breiðavíkurprestakall, 1846*).

– **Öxl:** ...Ekki er slægjum óhætt fyrir smáfjallskriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Breiðavíkurhreppur 1707*).

– **Leikskálavellir:** ...Niður undan Egilsskarði, hvörs getið er í Eyrbyggjusögu, sem er vestanvert við Axlarhyrnu, en austanvert við Knarrarfjall, eru Leikskálavellir. Sér enn mót fyrir, hvar skálinn hefur staðið. Sjáanlegt er samt, að það pláss hefur mikið af sér gengið síðan þá tíma af skriðum og snjóflóðum, því jafnvel árlega berst á grjót á velli þessa (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Breiðavíkurprestakall, 1846*).

– **Leikskálavellir:** ...Rétt vestan við Axlarhyrnu er djúpt skarð í fjallsbrúnina. Þar heitir enn Egilsskarð. Neðan undir því eru sléttar grundir, þær heita Leikskálavellir. Eru það uppgrónar skriður og hallar þeim nokkuð. Í seinni tíð hefir ný skriða runnið úr skarðinu niður á miðja vellina. Er sagt að Björn Breiðvíkingakappi og félagar hans haldið leiki sína, og kemur það vel heim. Skálatóft sést þar raunar ekki, en hún getur vel legið undir hinni nýju skriðu. (*Brynjúlfrur Jónsson, Rannsóknir í Snæfellsnessýslu sumarið 1899, Árbók Fornleifafélagsins, 1900*).

– **Leikskálavellir:** ...Vestan við Axlarhyrnu er Egilsskarð og niður af því á flatlendinu eru Leikskálavellir. ...Lítið sér nú til rústa á Leikskálavöllum, en í sóknarlýsingu frá 1839 segir, að þar megi enn sjá skálatóft, en þar sé þó allt umturnað eftir skriður og snjóflóð. Mikil líparítmöl hefur runnið þangað niður og er þar nú malarnáma (*Árbók FÍ, 1982*).

– **Knörr:** ...Túni og högum er ekki óhætt fyrir skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Breiðavíkurhreppur 1707*).

– **Knörr:** ...(Syðri– og Ytri–Knarrarbær, Selvöllur, Knarrarkot): Helsti ókostur þessarar jarðar er sá, að hin betri beit er nokkuð í burtu og að nokkur hluti fjallshlíðarinnar gengur árlega af sér af skriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Breiðavíkurprestakall, 1846*).

– **Knarrartunga:** ...Af skriðum er tún ekki óhult. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Breiðavíkurhreppur 1707*).

– **Stóri Kambur:** ...Túninu granda skriður og sandfjúk og svo engjum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Breiðavíkurhreppur 1707*).

– **Litli–Kambur:** ...Kostir aðrir og ókostir sem áður er sagt um Stóra–Kamb, nema grjótþjúk er hér minna og vatnsból þrýtur sumar og vetur til stórmeina (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Breiðavíkurhreppur 1707*).

– **Gröf:** ...mesta vetrarríki og léttir hagar. Er fjallið þar fyrir ofan næstum allt komið í sand og skriður (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Breiðavíkurprestakall, 1846*).

– **Hamraendar:** ...Skriðuhætt á engjar og haga. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Breiðavíkurhreppur 1707*).

– **Hamraendar:** ...engjar votar og undirorpnar skriðum úr fjallinu, undir hverju þær liggja. Ganga þær við það töluvert af sér (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Breiðavíkurprestakall, 1846*).

– **Hamraendakot:** ...Allir kostir og ókostir á þessari hjáleigu eru svo sem um heimajörðina áður skrifað stendur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Breiðavíkurhreppur 1707*).

– **Sölvahamar:** ...(vegir): Síðan er ei nema einn alfaravegur sem liggur eftir hamarsbrúninni, þangað til kemur út á Stapa. Geta má þess, að á Sölvahamri hefur vegurinn oft af tekist, sumstaðar af því að fram úr hönum hefur hrunið svo mikið. Svoleiðis sést nú ekkert sumstaðar til gatna þeirra, sem þó voru alfaravegur fyrir ekki 20 árum. Er þó vegurinn jafnóðum færður uppeftir, er hann þykir orðinn of tæpur (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Breiðavíkurprestakall, 1846*).

– **Sölvahamar:** ...Er þar langan veg með sjónum hamrabelti, ekki hátt. Falla þar fram af margar smásprænur og mynda fagra fossa. Yst er Sölvahamar frammi við sjóinn. Er þar meira en þrítugt bjarg, og lá gatan þar um langan aldur mjög tæpt á brúninni. En nú fyrir nokkru hefir hrunið úr hömrunum á löngu svæði og klofnað nákvæmlega um götuna. Hefir öll brúnin á hamrinum hrunið niður í urðina fyrir neðan (*Árbók FÍ, 1932*).

„Undir Jökli“

– **Einarslón:** ...Vatnsból er í fjöru við sjó örðugt til að sækja mjög svo, og er oft bannað af stórflæðum og sjóargangi, er og ekki mannhættulaust fyrir skriðu og svellalögum nema með mestu gætni. ...Völlinn fordjarfar skriða og jarðbrot af uppblæstri, að framanverðu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Breiðavíkurhreppur 1707*).

– **Beruvík:** ...Tún blása upp af stórviðrum og spillast sumstaðar af sjó, einnig land hið efra við fjallgarð af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Breiðavíkurhreppur 1711*).

– **Beruvík:** ...Þar niður frá eru hólar þeir, er bærinn Hólahólar hafi nafn. Þeir eru forn eldvörp. Í einum þeirra er sigur allvíðar með hamrabarmi í kring nema að norðanverðu, þar er engin barmur. Allt er það grasgróið og gígurinn orðinn að dal. Hefur leiði Beru vera sýnt í dalnum til skamms tíma. En „móða“, sem gengur ofan litlu norðar, hefur fyrir fáum árum hlaupið í dalinn og fyllt hann af skriðu, svo leiði sést nú eigi lengur. (*Brynjúlfur Jónsson, Rannsóknir í Snæfellsnessýslu sumarið 1899, Árbók Fornleifafélagsins, 1900*).

Neshreppur utan Ennis

– **Gerðuberg:** ...Skammt suður frá Gufuskálum kemur klettabrún fram undan hrauninu á einum stað og liggur hér um bil frá norðri til suðurs. Hraun gengur fram á hana, en neðan undir henni hefir verið lægð allbreið, sem nú er full af hrunmöl, er leysingarvatn hefir borið fram og nær árlega. Það er kallað „móða“, og er fleiri slíkar

„móður“ vestan undir Jökli. „Móða“ þessi, eða skriðurennslí, kemur fyrst ofan úr fjalli til vesturs, en beygir til norðurs fyrir neðan áður nefnda brún, og þó eigi fast við klettana, því brúin nær lengra suður og er þar afhallandi grasbrekka. (*Brynjúlfur Jónsson, Rannsóknir í Snæfellsnessýslu sumarið 1899, Árbók Fornleifafélagsins, 1900*).

– **Sveinsstaðir/Foss:** ... (Hét áður Foss færður fyrir níttján árum því, lækur úr gili í fjallinu grandaði bænum með vatnságagni og grjótkasti (1692)). ... Enginu spilla skriður úr bröttu fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neshreppur 1711*).

– **Sveinstaðir/Foss:** ... Foss hefur líklega verið austan við Laxá (Hólmkelsá) skammt frá Svöðufossi, en þar eru fornlegar og friðlýstar rústir. Í Jarðabókinni segir, þar sem ritað er um jörðina Sveinsstaði árið 1711, að Foss hafi áður heitið býli í landi jarðarinnar, en árið 1692 hafi bóndinn þar Sveinn Jónsson fært bæinn úr hinum forna bólstað og þangað, sem hann er nú og kallast eftir honum Sveinsstaðir, því honum þótti sér stórmeið að læk þeim, er úr fjalli fellur í djúpu klettagili og grandaði bænum stórlega með vatnságangi og grjótkasti, svo hvorki var óhætt mönnum né kvikfé (*Árbók FÍ, 1982*).

– **Ólafsvíkurenni:** ... (1610) Hrapaði smásteinn á mann í Enni vestur í höfuðið, var strax örendur í söðlinum (*Skarðsannáll*).

– **Ólafsvíkurenni:** ... sést best á björgum þeim, sem árlega hrynja úr fjallinu, bæði hátt og lágt. Þau eru öll úr sams konar efni og Ennið sjálft. Sakir þessa grjóthruns er leiðin fyrir Ennið hættuleg vegfarendum (*Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, 1752–57*).

– **Ólafsvíkurenni:** ... (1766) Hrapaði steinn úr Ólafsvíkurenni í höfuð á manni, sem var á ferð undir því, sem hét Pétur frá Eiðhúsum, kom gat á höfuðið svo hann dó (*Djáknaannáll*).

– **Ólafsvíkurenni:** ... (1795) en Kristján Plum, bróðir hans, var í landi hér; hann gekk undir Ólafsvíkurenni við annan mann, eftir nýjárið, og féll smásteinn úr Enninu í höfuð honum bana; en maðurinn fór nokkuð á undan, og lamdist (*Espólín*).

– **Ólafsvíkurenni:** ... allt austur að Ólafsvíkurenni, sem er hátt fjall og skriðufullt, þar sem til norðurs eða sjóar veit. ... Við vesturenda téðs Ennis er lítilfjörleg standberg af mógryti og stór björg, sem úr því hafa fallið, sem kallaðir eru Rauðusteinar. ... Hættuvegur er og undir þessu fjalli, bæði á vetrum í leysingum og á sumrum, þá þerrar ganga langvarandi, af grjótkasti ofan úr fjallinu, og hefir það stundum fólki að bana orðið (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Nesþing, 1840*).

– **Ólafsvíkurenni:** ... Er það alkunnugt að leiðin undir Ólafsvíkurenni sé ægileg. En það eitt gerir hana þó hættulega, að grjóthrun er þarna mikið, og má aldrei vita, nema steinn komi, þegar minnst varir, á harða flugi ofan úr fjallinu. Hefur oft hlotist af þessu slysi og mannsbani. Er ekki nema tæp 30 ár síðan (um 1900), að steinn lítill flaug úr Enninu og rotaði hestinn undir manni, sem var á ferð milli Ólafsvíkur og Sands einn sunnudagsmorgun (*Árbók FÍ, 1932*).

– **Ólafsvíkurenni:** ...Í Enninu er þess vegna sífellt grjóttflug, einkum vor og haust, í leysingum og rigningum, og hefir þar stundum orðið mannskaði; 14. janúar 1795 dauðrotaðist t.d. Christian Plum faktor á Ólafsvík, og fylgdarmaður hans lamdist svo af grjóttflugi, að hann lá lengi dauðvona, en náði sér þó aftur. Árið 1610 er þess getið, að smásteinn hrapaði undir Enni í höfuð á ríðandi manni, og var hann þegar örendur í söðlinum. Hestannáll getur þess líka 1667, að maður hafi fengið þar bana undir klettunum (*Þorvaldur Thoroddsen, Rannsóknarferðir sumarið 1890, Ferðabók III, 2. útg. 1958–60*).

– **Ólafsvíkurenni:** ...Annars hefur Ólafsvíkurenni lengi verið illræmt og oft urðu slys á meðan farinn var þar fjöruvegur með gömlum hætti. Líklega hafa ófáir beðið bana af völdum steina, er ofan hrundu. Þar var Kristján Plum, bróðir kaupmannsins í Ólafsvík, fyrir grjóti árið 1795, ásamt fylgdarmanni sínum, og einu sinni rotaðist hestur undir Séra Helga Árnasyni, er prestur var í Nesþingum fyrir og eftir síðustu aldamót (1900). (*Sunnudagsblað Tímans, 20 sept 1964*).

– **Ólafsvíkurenni:** ...Ólafsvíkurenni er þverhnipt móbergsfjall allhátt og fellur úthafsbrimið upp að rötum fjallsins. Skriðuföll eru þarna alltið og grjóthrun. Þarna lá þjóðleiðin undir móbergsklettunum með úthafsölduna á aðra hönd. Um flæði var leiðin algjörlega ófær, því að brimaldan skall þá alveg upp í klettana. ...Allmikil slyshætta var talin undir Ólafsvíkurenni, vegna brims, skriðufalla og grjóthruns, en þrátt fyrir allt þetta voru slysfarir ekki tíðar. ...Eina sögu kann ég um slysfarir undir Ólafsvíkurenni og mun hún hafa gerst skömmu fyrir síðustu aldamót. ...Ferðamenn nokkrir, er komið höfðu sunnan úr sveitum ríðandi framan undir Jökli, voru á leið frá Hellissandi inn í Ólafsvík. ...Þeir riðu síðan greitt inn undir Ennið og höfðu meðferðis nokkra lausa hesta, sem runnu götuna á undan. Þeir héldu hiklaust áfram, því að vel stóð á sjó. Er þeir komu þar undir Ennið, sem hættast var við grjóthruni, kom allstór hellusteinn fljúgandi úr berginu, og tók næstum höfuðið af hesti, er hljóp þar lausbeislaður milli manna. Engan manninn sakaði. ...Ég tel að þessi gamla trú á hollvætti eða handleiðslu guðs, á hættustund, hafi öðlast mikinn kraft, þegar sá atburður varð í haust, (1963) er vegagerðarmenn sátu að kaffidrykkju inni í litlum skúr að allstór steinn úr Enninu kom fljúgandi hátt úr bjarginu niður í gegnum skúr þann, en maður sá, er þar hafði setið, sem steinninn kom niður, hafði staðið upp úr sæti sínu rétt áður. Ef hann hefði setið kyrr í sæti sínu, er steinninn flaug í gegnum þakið, hefði hann hlotið að slasast alvarlega. (*Stefán Jónsson, Frá byggðum Breiðafjarðar, Heima er best, 1964*).

– **Ólafsvíkurenni:** ...Ennið er 400 m hátt, bratt og gengur í sjó fram. Neðst eru klettur, síðan háar skriður og hamrar efst. Ennið er sundurlaust að byggingu og grjóttflug oft þar mikið, sérstaklega í leysingum. Vegur var gerður gegn um Ennið árið 1963. Áður var aðeins hægt að fara fyrir Ennið á fjörum eða lágsjávudu. Þar sem sjór fellur fast að berginu, var leið þessi öllum vegfarendum hættuleg, vegna grjóttflugs úr fjallinu, og er það raunar enn þó breiður og góður vegur sé kominn um fjallið (*Þórður Kárason o.fl. (ritstj.), Byggðir Snæfellsness, 1977*).

– **Ólafsvíkurenni:** ...Vegasamband komst loks á kringum Jökul árið 1956 og árið 1963 var sprengdur vegur um Ennið 1,3 km að lengd, sem þó teppist oft vegna grjóthruns, skriðufalla og snjóflóða að vetrinum (*Árbók FÍ, 1982*).

Neshreppur innan Ennis (Fróðárhreppur)

- **Ólafsvík:** ...Túninu grandar sjávangangur og veður það er blæs undir það, sem sjórinn brýtur. Því grandar og fjallskriðulækur. Engjarnar smá eyddar telja að mestu fyrir fjallskriðum með aur og vatna uppgangi, og fer það árlega í vöxt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neshreppur 1711*).
- **Fossdalur:** ...Túninu grandar vatns uppgangur með aur úr brattlendu fjalli til meina. Ekki er högum óhætt fyrir skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neshreppur 1711*).
- **Ytri Bugur:** ...Túninu grandar aur og grjót úr fjalli, þó minna hér en á Innra Bug. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neshreppur 1711*).
- **Innri Bugur:** ...Allir aðrir kostir og ókostir sem á Ytra Bug, nema túnið líður hér meiri skaða af skriðufalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neshreppur 1711*).
- **Innri-Bugur:** ...Bærinn stendur austan undir Bugsmúla neðan þjóðvegur. ...Túnið er lítið og hætt er við grjótburði á það úr Bugsgili, en þar hefur nú verið hlaðinn varnargarður (*Þórður Káráson o.fl. (ritstj.), Byggðir Snæfellsnes, 1977*).
- **Arnarhóll:** ...Landskuld lx álnir í næstliðin 6 ár áður lxxx álnir. Því aftur fært, að skriða féll á engið til stórskada, sem enn er sýnilegur (1705). Skriðuna báru á engið árnar Brunná og Fróðá, sem enn er sýnilegt að þær beri árlega. Betalast nú með 3 eður 4 vættum fiska í Rifskaupstað. ...Enginu granda báðar árnar sem fyrr segir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neshreppur 1711*).
- **Brimilsvellir:** ...Selstaða, sem jörðin átti í heimalandi, er nú aldeilis eyðilögð af skriðum og vilji menn selstöðu hafa þá þarf hana út að kaupa. ...Eggver í sjávarhömrum þar sem heitir Vallnabjarg fæst ekki nema með sigum og ræktast lítt; tekur og bjargið að hrynja svo sigmönnum er ekki óhætt fyrir grjóthruni. ...Úthagar fordjarfast mjög af fjallskriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neshreppur 1711*).
- **Hrísar:** ...Hætt er túninu fyrir skriðu úr bröttu fjallgili og hefur af því skaði orðið fyrir 10 árum (1701). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neshreppur 1711*).
- **Fagrahlíð:** ...Þessum jörðum fylgja góð tún og fagar engjar. Eru þó bæði tún og engjar mjög svo undirorpnar skaða af skriðuföllum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenn tafélagsins – Nesþing, 1840*).
- **Tröð:** ...Þessum jörðum fylgja góð tún og fagar engjar. Eru þó bæði tún og engjar mjög svo undirorpnar skaða af skriðuföllum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenn tafélagsins – Nesþing, 1840*).
- **Máfahlíð:** ...Túninu granda skriður og snjóflóð og svo úthögum, og er hvorki sumar né vetur fyrir því óhætt. Enginu granda sömu skriður og snjóflóð. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neshreppur 1711*).

– **Máfahlíð:** ...Þessum jörðum fylgja góð tún og fagrar engjar. Eru þó bæði tún og engjar mjög svo undirorpnar skaða af skriðuföllum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Nesþing, 1840*).

Látravík

– **Höfði/Búlandshöfði:** ...Leigukúgildi iii, fjórða hefur uppboðshaldarinn fyrir þremur árum tekið í burt áfallna skriðu (1699), en áður fyrir löngu hafa þar vi kúgildi vert. ...Jörðin spillist stórlega, bæði á túni, engjum og haga af jafnaðarlega áfallandi skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsveit 1702*).

– **Búlandshöfði:** ...Búlandshöfði er annar alkunnur höfði, snarbrattur og skriðurunninn, næstum því jafnhár og Enninu. ...Vegur liggur framan í höfðanum í nær 200 faðma hæð. Vegur þessi er kunnur um allt land, sakir þess hve hættulegur hann er og torfær, enda aðeins mjó gata. En því veldur skriðuhrun og það, hversu vegarstæðið er ótraust. Menn og skepnur hafa oft hrapað þarna og farist á hinn ömurlegasta hátt. Ómögulegt er að mætast eða snúa við þar, sem stigurinn er mjóstur, en skammt sést framundan vegna rinda þeirra, sem liggja upp og niður hlíðina, þar sem hún er ekki alveg snarbrött. Það er því siður ferðamanna, er þeir heyra af grjóthruninu, að einhver kemur á móti þeim, að hrópa til hans að bíða þar, sem gatan er breiðust, svo að þeir komist hvor fram hjá öðrum. ...Í honum austanverðum má sjá af grjóthruni úr honum, að efsti hluti hans er úr sams konar bergi og Ennið (*Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, 1752–57*).

– **Búlandshöfði:** ...Innan við Búlandshöfða hefur verið hrun mikið úr móbergshömrum í fjöllum, og eru þar móbergsbjörg mörg. Rétt við götuna er Líksteinn, flatur og garðgróinn. Þar á hver maður að nema staðar litla stund, hvort heldur gangandi eða ríðandi, áður en lagt er í Búlandshöfða þeim megin, og liggur líf við í höfðanum ef af er brugðið (*Árbók FÍ, 1932*).

– **Höfði/Höfðakot:** ...Til ókosta þar telst, dýrbítir, landbrot af sjó og grjótarennli og einkum hefir hið síðast nefnda átt sér stað á gömlu koti millum Höfða og Höfðakots, sem lengi hefur legið í eyði (Innra-Höfðakot eða Hjallatunga). ...Lika hefir skriðuárennsli fyrir löngu stórspillt túni hjáleigu þeirrar, er áður hét Innra-Höfðakot og gjört hana óbyggilega. Viðar hafa og skriður gjört greind spjöll (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Setbergssókn, 1873*).

– **Vík/Láturvík:** ...Jörðin spillist af skriðum og landbroti nokkru af sjó. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsveit 1702*).

– **Látravík innri og Látravík ytri:** ...mótak hafa þær og torfristu, en skriður og árennsli hafa stundum spillt túnnum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Setbergssókn, 1873*).

– **Skerðingsstaðir:** ...Jörðin fordjarfast á túni og engjum af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsveit 1702*).

– **Efri Lá:** ...Jörðin fordjarfast til engja og úthaga af skriðum, sem jafnaðarlega á falla. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsveit 1702*).

– **Neðri Lá:** ...Hagar eru fordjarfaðir af skriðum, ellegar eru þeir heilnæmir. ...Landið liggur undir skriðum í votviðrum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsveit 1702*).

– **Neðri Lá:** ...Bærinn Neðri-Lá í Eyrarsveit á Snæfellsnesi er komin í eyði fyrir nokkru (fyrir 1940). Skammt frá bænum er allmiklar rústir, sem lengi hafa verið kallaðar Forna-Lá, og eru rústirnar á fleiri en einum stað. ...Í kristnum sið var reist bænhús í Forna-Lá, þó ekki á sama stað og hofið, og er einnig bent á þær rústir. Einu sinni bar svo við að Tröllskessa stóð á Mýrarhyrnu og horfði yfir byggðina. Rak hún þá augun í bænhúsið, og fylltist gremju. Tók hún upp stein mikinn og vildi kasta í bænhúsið. En svo giftusamlega tókst, að í sama mund var klukkum hringt í bænhúsinu, en við það dró svo mátt úr hinu heiðna Trölli, að bjargið náði ekki bænhúsinu, heldur féll ofan í fjöruna fyrir austan það (sögn um grjóthrun??). Þar liggur það enn í beinni stefnu milli Hyrnnunnar og bænhúsrústarinnar. (*Kristján Eldjárn, Tvennar bæjarrústir frá seinni öldum, Árbók Fornleifafélagsins, 1949–50*).

Grundarfjörður

– **Grundarfjörður (alm.):** ...ekki vita menn til að nokkur jörð í sveitinni hafi tekið bötnun, heldur allar sætt stórskemmdum frá alda öðli, með því þessar (m.a. skriður) hafa allstaðar aukist í manna minnum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Setbergssókn, 1840*).

– **Grundarfjörður (alm.):** ...Breytingar þær, sem þannig verður með vissu sagt, að átt hafi sér stað landslaginu, eru einkum þrenns kyns. ...b) skemmdir og rýrnun á graslendinu sökum skriðuárennslis úr fjöllunum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Setbergssókn, 1873*).

– **Krossnes:** ...með hjáleigum Gálutröð og Bryggjustöðum. ...Engjar hafa verið góðar en spillast af skriðum. ...Engjar fordjarfast mjög af skriðum og hagar í sama máta. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsveit 1702*).

– **Krossnes:** ...en ókostir jarðarinnar eru skortur hagbeitar og slægjulands, með því skriðusamt er úr Stöðinni (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Setbergssókn, 1840*).

– **Mýrar:** ...Jörðin spillist að engjum af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsveit 1702*).

– **Háls:** ...Engjar spillst af áfallandi skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsveit 1702*).

– **Háls:** ...sem er fremur slægjuland en beitar og þó mjög skriðurunnið, með því veðra- og rigningasamt er hér mjög (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Setbergssókn, 1840*).

– **Kirkjufell:** ...Túnið er vítt og slétt og sæmilega grasgefið, en spillist af grjóti og sandi. Engjar grasgóðar í meðallegi, en grýttar af skriðum, sem áfalla. ...Jörðin spillist af sandfoki á túnið og af aur og skriðum bæði á tún og engjar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsveit 1702*).

– **Kirkjufell:** ...hér að auki er ókostir jarða þessarar skriðuföll, veðra- og rigningasemi, samt eyðileggingu túns af sandfoki úr bökkum Kirkjufellsvaðals sem er fyrir landssuðri (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Setbergssókn, 1840*).

– **Grund:** ...Jörðin smáspillist sumstaðar af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsveit 1702*).

– **Grund:** ...annars er jörð þessi mjög af skriðum og vatnsaga úr sér gengin frá því fyrrum, þá hún var reiknuð vildisjörð (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Setbergssókn, 1840*).

– **Hamrar:** ...hefir hún, þó efst sé allra jarða með Grundarfirði að austan, þann ókost með öllum þeim jörðum, sem þeim megin fjarðarins liggja, að vera úr sér gengin af skriðuföllum og uppblástri af veðrum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Setbergssókn, 1840*).

– **Þórdísarstaðir:** ...(Akurtraðir, Naustáll, Hallshús): Er jörð þessi svo af sér gengin af sjávangangi, skriðuföllum og uppblástri af veðrum, að nú eru aðeins í ábúðarnefni 25 hndr. hennar (telst 40 hndr. jörð). ...Þar nærlendis er kotið Hallshús fyrir 40 árum eyðilagt sökum harðinda, samt jarðarskemmda af veðrum, rigningagangi og þar af fljótandi skriðuföllum og blástri svarðar (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Setbergssókn, 1840*).

– **Þórdísarstaðir:** ...skemmdir og rýrnun á gaslendinu, bæði á tünnum og úthaga hefir á sagðan hátt átt sér stað allvíða í sókninni að fornu og nýju. Þannig er bæði sagt, og líka næsta sennilegt, að bærinn á Þórdísarstöðum hafi sökum túnskemmda af skriðum fyrrum verið fluttar á þann stað, sem nú er hann (munnmæli segja reimleikum). ...Á tún Þórdísarstaða, sem nú er, leitaði og skriða til stórskemmda árin 1868 og –69, sem og árin þar á undan. ...Túnið er undirorpið grjótárennsli (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Setbergssókn, 1873*).

– **Þórdísarstaðir:** ...Á háum hóli vestan undir Eyrarfjalli stendur bærinn Þórdísarstaðir. ...að bærinn hafi að öllum líkindum staðið norðar með hliðinni á landnámstíð, en verið fluttur sökum grjótárennsli og snjóþyngsla á hól þann suður með hliðinni þar sem hann nú stendur (*Árbók FÍ, 1986*).

Kolgrafarfjörður

– **Kolgrafarfjörður (alm.):** ...ekki vita menn til að nokkur jörð í sveitinni hafi tekið bötnun, heldur allar sætt stórskemmdum frá alda öðli, með því þessar (m.a. skriður) hafa allstaðar aukist í manna minnum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Setbergssókn, 1840*).

- **Kolgrafafjörður (alm.):** ...Breytingar þær, sem þannig verður með vissu sagt, að átt hafi sér stað landslaginu, eru einkum þrenns kyns. ...b) skemmdir og rýrnun á graslendinu sökum skriðuárennslis úr fjöllunum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Setbergssókn, 1873*).
- **Hallbjarnareyri:** ...(með hjáleigum Tröð innri og Tröð ytri, Garðsendi innri og Garðsendi ytri, Þórðarbúð, Nýjabúð, Naust): Ókostir jarðarinnar eru rigninga- og veðrasemi eins og á öllum jörðum í sveitinni, skriðuföll og sjávangur samt flæði hættu fyrir sauðfé (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Setbergssókn, 1840*).
- **Eiði:** ...en skriðuföll hafa mjög skemmt landið (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Setbergssókn, 1840*).
- **Hjarðarból:** ...Leigukúgildi v hafa áður verið vi, en einu er nýlega fækkað fyrir áfallna skriðu af þeim parti jarðarinnar, sem Árni hefur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsveit 1702*).
- **Hjarðarból:** ...er landið allgott beitarland, en blásið og skriðurunnið (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Setbergssókn, 1840*).
- **Hrafnkelsstaðir:** ...Peningaganga hefur verið fyrir naut og hesta á sumar þar í landinu, sem kallaður er Eyrarbotn, og hafa ábúendur tekið toll fyrir. Nú þykjast þeir ei það ljá mega, þar til slægna brúki, því heimaengjar séu spilltar af skriðum. ...Jörðin spillist nokkuð af skriðum og lækir bera leir og sand á part af túninu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsveit 1702*).
- **Rafnkelsstaðir:** ...er svo blásin jörð og komin í skriðu, að ekki er á henni búandi, nema hún aðnjóti landeignar annarra jarða til slægna, beitar og mótaks (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Setbergssókn, 1840*).
- **Kolgrafir:** ...Jörðin spillist af skriðum nokkuð á úthaga og tún af leir, sem lækur ber þar stundum upp. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsveit 1702*).
- **Kolgrafir:** ...eru sömu ókostir við þessa jörð sem þá næsttöldu (skriður/uppblástur) nema hvað meiri (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Setbergssókn, 1840*).

Hraunsfjörður

- **Berserkseyri:** ...Hagar spillast stundum af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Eyrarsveit 1702*).
- **Berserkseyri:** ...er þó landið í rýrnun af skriðföllum og uppblástri af veðrum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Setbergssókn, 1840*).
- **Þórólfsstaðir/Hlíð:** ...Afbýli af þessum báðum (Fjarðarhorn, Árnabotn) er Þórólfsstaðir almennilega kallaðir Hlíð (Straumhlíð), sem fyrir nokkrum árum hefur

verið lögbylisjörð, en nú bær þar og tún að mestu af tekið af skriðu og í staðinn upp komnat Péturshús og Árnabotn. ...Þessa hjábylis hús og túns eftirstöðvar eru í háska af yfirvofandi skriðufalli. ...Nú féll skriða á Hlíð og eyðilagðist hún og er nú (1712) í eyði, og hefur verið svo í 8 eða 9 ár (skriðufall 1703 – 1704) (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Helgafellssveit 1702*).

– **Þórólfsstaðir:** ...Á Straumhlíð í Fjarðarhornslandi liggur eyðijörðin Þórustaðir. Bærinn hefur staðið vestan Hraunsfjarðar, gegnt Fjarðarhorni. Þar sér fyrir húsarústum og leifum af túngarði. Aurskriður hafa fallið yfir túnið og umrótað mannvirkjum, svo að rústir eru óljósar. ...land hennar er fyrir löngu lagt undir Fjarðarhorn og Árnabotn, Í jarðabók Á.M. 1702 er jörðin nefnd Þórólfsstaðir eða Hlíð. Hér í grennd hefur hún verið nefnd Þórustaðir og mun það vera frumlegra. (*Guðbrandur Sigurðsson, Eyðibýli í Helgafellssveit, Árbók Fornleifafélagsins, 1955–56*).

– **Þórólfsstaðir:** ...Á Straumhlíð við vestanverðan Hraunsfjörð eru hreppamörk. Þar var á öldum áður býlið Þórólfsstaðir, sem fóru í eyði vegna skriðufalla (*Árbók FÍ, 1986*).

– **Þórólfsstaðir:** ...Fjarðarhorn byggðist þegar Þórólfsstaðir fóru úr byggð vegna skriðufalla og enn áður var búið í Straumhlíð, sem eyddist vegna skriðufalla. Var þetta á síðari helming 17. aldar (*Þórður Kárason o.fl. (ritstj.), Byggðir Snæfellsnes, 1977*).

– **Fjarðarhorn:** ...Engjum er hætt við spillingu af skriðum. ...Nýbýli uppbyggt í landi Þórólfsstaða, sem nú kallast Hlíð, sem skriða hefur að mestu aftekið (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Helgafellssveit 1702*).

– **Fjarðarhorn:** ...(1881) Hitt var steypiregn mikið, er gjörði á Snæfellsnesi 10 dag maímánaðar. Féllu þar víða skriður á tún og engjar manna og gjörðu allmikinn usla. Þó gjörði ein þeirra mestan skaða. Hún féll á túnið og bæinn á Fjarðarhorni í Helgafellssveit. Tók hún mest allt túnið, sópaði burt fjósheyinu og fjósinu og drap í því tvær kýr. Svo tók hún og vegg undan baðstofunni. Eigi er getið fleiri stórslysa af þeim (*Fréttir frá Íslandi 1881*).

– **Árnabotn:** ...Engjum er hætt við skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Helgafellssveit 1702*).

– **Hraunsfjörður:** ...Jörðin spillist mjög af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Helgafellssveit 1702*).

– **Stóru–Seljar:** ...Jörðin liggur undir spjöllum af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Helgafellssveit 1702*).

– **Litlu–Seljar:** ...Túnið er mest allt í skriðu komið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Helgafellssveit 1702*).

– **Litluseljar:** ...lögðust í eyði af skriðufalli á túnið (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Helgafells– og Bjarnahafnarsóknir, 1842*).

Kolgrafarfjörður

– **Ármýrar:** ...Túnið er lítilfjörlegt og nær affallið af skriðu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Helgafellssveit 1702*).

Helgafellssveit

– **Helgafellssveit (alm.):** ...Fjallshlíðar hafa og víða fallið í skriður og gil á sumum stöðum stórlega skemmt engjar í leysingum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Helgafells– og Bjarnahafnarsóknir, 1842*).

– **Guðnýjarstaðir:** ...Engjar spillast af skriðu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Helgafellssveit 1702*).

– **Bjarnarhöfn:** ...Tún, engjar og úthagi liggur undir skriðum svo mjög spillist. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Helgafellssveit 1702*).

– **Bjarnarhafnarfjall:** ...Hlíðar þess eru farnar að ganga úr sér af skriðum, svo sumstaðar eru einasta eftir grastór (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Helgafells– og Bjarnahafnarsóknir, 1842*).

– **Hallskot:** ...Tún af heimatúninu, eins á sig komið (og í Bjarnarhöfn). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Helgafellssveit 1702*).

– **Kothraun:** ...Engjar spillast af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Helgafellssveit 1702*).

– **Selvellir** (við Selvallavatn): ...Nú er jörðunni (Horn) svo skipt, að nýbýli kallað Selvellir, sett í austari part landsins upp í fjallskima við hinar eiginlegu engjar, sem voru, en sem skemmst hafa af gili, er á þær hefir hlaupið (skriða?) (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Helgafells– og Bjarnahafnarsóknir, 1842*).

– **Kerlingarskarð:** ...og er þar greiðfær vegur austur á Kerlingarskarðsveg, skammt fyrir neðan Sneiðina, þar sem vegurinn liggur í skarðið. Rétt fyrir innan vegamótin er móbergsbjarg mikið, sem oltið hefur úr Kerlingarfjalli og heitir Grettistak. Þar eru nafnaristur miklar í bjargið og móbergshellurnar í kring. Við Grettistak er frægasti áningarstaður um allt Snæfellsnes, og mun hvergi um þau héruð hafa verið drukkið meira brennivín en þar (*Árbók FÍ, 1932*).

– **Kerlingarskarð:** ...Undir norðurhlíðum Kerlingarfjalls er heljarmikið bjarg, sem einhvern tímann hefur hrunið úr fjallinu niður á jafnsléttu og nefnist Grettistak. Það var áður kunnur áningarstaður við gamla veginn, en bílvegurinn liggur nú allmiklu vestar (*Árbók FÍ, 1986*).

– **Efrihlíð** (undir Drápuhlíðarfjalli): ...Skriður margar spilla högum víða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Helgafellssveit 1702*).

– **Vaðstakksey:** ...Lending spillist af grjóthruni úr klett og er háskasöm fyrir brimi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, Helgafellssveit 1702*).

– **Vaðstakksey:** ...Allmiklu sunnar er Vaðstakksey. Þar var reist nýbýli árið 1695 að sögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalín, en lendingin var háskasöm fyrir brimi og spilltist af grjóthruni úr kletti, enda lauk búsetu þar í lok 18. aldar (*Árbók FÍ, 1986*).

Álftafjörður

– **Örlygsstaðir:** ...þar hafa upphaflega verið engjar góðar, sem nú eru komnar í aur og skriður (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Breiðabólstaðar- og Narfeyrarsóknir, 1875*).

– **Kársstaðir:** ...Landskuld hefur verið áður jörðin spilltist fyrir 5 árum í c, en er nú x aurar. Tók þessi landseti jörðina strax eftir áfullinn skaðann með XL álna landskuld, sem varði ii ár og eitt árið x aura. ...Jörðin spillist hvað eftir annað af skriðum og vatnagangi. Túnið hefur fyrir 5 árum af skriðu (1697) svo fordjarfast að ei meinast af því eftir hafa óskemmdur verið fjórðungur túnsins; er þó að smábatna fyrir umhirðing ábúandans, en liggur undir fordjörfum og aleyðing ef illa vill til. ...Engjar hafa verið góðar, en smáspillast af grjóti, sandi og leir og hætt við meiri spillingu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Helgafellssveit 1702*).

– **Narfeyri:** ...Engjar á dreif, mýrlendar og liggja undir skriðum (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skógarstrandarhreppur 1702*).

Skógarströnd

– **Víðar í Stóra-Langadal:** ...Víðar (hjáleiga frá Stóra-Langadal) hafa staðið í skriðu og eru öldungis óbyggjandi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skógarstrandarhreppur 1702*).

– **Víti í Stóra-Langadal:** ...Víti hefur lengi legið í eyði (hjáleiga frá Stóra-Langadal), meinast þó að kunna að byggjast upp aftur. ...Annars er þar nokkuð hætt við skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skógarstrandarhreppur 1702*).

– **Stóri-Langidalur:** ...Túnið stórum fordjarfað of grjóti og sandi, sem gil úr fjallinu ber á, og liggur undir stærri skemmdum, og bærinn sjálfur jafnvel í hættu. ...Hagar miklir og góðir á sumar, skemmast þó af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skógarstrandarhreppur 1702*).

–**Stóri-Langadalur:** ...Enda er hofþóft sýnd í Langadal, þar fyrir ofan túnið. En því miður er hún nú mestöll horfin undir skriðu, sem árlega rennur þar á, meira og minna. Það sem enn sést, er hálfhringamynduð girðing, mál. 6 fðm. Í þvermál, og er það suðurendi byggingarinnar. Norðurendinn með goðastúkunni, er undir skriðunni, og þetta, sem enn sést, hverfur að líkindum bráðum. Það er auðséð á þessu broti, að hof þetta hefir engin smábygging verið. Víðar hafa skriður fallið kringum bæinn í Langadal. Þær hafa minnkað túnið að miklum mun. (*Brynjúlfur Jónsson, Rannsóknir í*

Mýra– Hnappadals– og Snæfellsnessýslu sumarið 1896, Árbók Fornleifafélagsins, 1897).

– **Haukabrekka í Stóra-Langadal:** ...Tún grýtt og þýft en í meðallagi til grass, skemmist þó af sandfoki og áfallandi grjóti. Engjar orðnar litlar af skriðum sem á falla. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skógarstrandarhreppur 1702*).

– **Haukabrekka:** ...skriðuhætt (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Breiðabólstaðarprestakall, 1841*).

– **Litli-Langidalur:** ...Skriður spilla víða úthaga. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skógarstrandarhreppur 1702*).

– **Háls:** ...Engjar laklegar og skemmast af skriðum á stundum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skógarstrandarhreppur 1702*).

Dalasýsla

Hörðadalur

– **Blönduhlíð:** ...Túnið spillist af skriðum, sem á vetrardag renna á með vatnagangi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hörðadalshreppur 1703*).

– **Geitastekkur:** ...Bjarnaland túnin grandar árlega aur og sandur sem rennur úr hálsinum. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Seljaland:** ...Engjunum spillir árlega Hörðudalsá í vatnavöxtum, og ber á þær aur og sand. Úthagi lítill og jörðin landþröng, því fjallið fyrir ofan er mjög uppblásið og skriðurunnið. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Tunga:** ...Hagar fordjarfast allvíða af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hörðadalshreppur 1703*).

– **Tunga:** ...Úthagar víða uppblásnir á fjallinu, og árlega rennur á þá stórskriður og á næstliðnu hausti (1730) þrjár, sem skemmt hafa hagbeit. Og fyrir þessar orsakir hefur jörðin illa byggst. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Vífilsdalur neðri:** ...Túnið er stórum fordjarfað af skriðu á tvo vegu og hætt við enn stærri spjöllum. Engjar eru fordjarfaðar, sem verið hafa, bæði af grjóti úr ánni og skriðum úr fjallinu og fordjarfast jafnlega það sem eftir er af þeim. Hagar eru undir sama skilorði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hörðadalshreppur 1703*).

– **Vífilsdalur neðri:** ...Túnið liggur undir spjöllum af gilinu sem hjá því rennur, og skaðast þar af oftlega. Engjar litlar og snöggvar, og í haust (1730) hljóp ein stórskriða á þær og 2 litlar til stórra spjalla. Landlitol jörð og hagalítill, og liggur árlega undir skriðum á vorin. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Vífilsdalur fremri:** ...Túnið er stórum fordjarfað af gili sem þar ofan hjá rennur. Bærinn og túnið allt er í hættu af sama gili ef til vildi. ...Engjar og hagar er jafnaðarlega að spillast af skriðum, og sumpart af grjóti úr ánni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hörðadalshreppur 1703*).

– **Vífilsdalur fremri:** ...Skriðuhætt með vatnagangi í leysingum sem spilla árlega enginu og úthögum. Túnið skaðast af skriðum úr bæjargilinu. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Vífilsdalur fremri:** ...Vífilsdalur, gengur inn af Hörðudal til landsuðurs, og standa í honum tveir bæir, er báðir heita Vífilsdalur, fremri og neðri. ...báðir bæirnir stóðu vestanvert við ána. Oft hljóp bæjargilið í Fremri Vífilsdal þar á túnið, og eyðilagði mikið af því, einkum 1849, svo að bænum þótti ekki óhætt, ef hann stæði kyrr í sama stað, og var hann fluttur sama ár austur yfir ána, og byggður þar á holti, gagnvart forna bænum. (*Jón Jónsson, bóndi í Hlíð í Hörðadal, Örnefni í Snókdalssókn, Breiðfirðingur, 1981*).

– **Vífilsdalur fremri:** ...Vífilsdalur hefst innan við Tunguleiti sem er lág hæð austan við bæinn í Tungu (í Hörðudal). ...Bærinn í Fremri-Vífilsdal stóð upphaflega einnig vestanmegin í dalnum en var fluttur austur yfir ána árið 1849 vegna tíðra skriðufalla úr gilinu úr Fremri-Húsadal sem rann beggja vegna bæjarins. Sagt er að í eitt skipti hafi bóndi séð skriðuna á leiðinni, ekki talið neinnar undankomu von og farið inn í bæ að lesa síðasta húslestur. Skriðan breytti í þeim svifum um stefnu og klotnaði um bæjarhólinn svo að mannbjörg varð. Nú heitir þessi eini bær í dalnum blátt áfram Vífilsdalur sem að fornu (*Árbók FÍ, 1997*).

– **Vífilsdalskot:** ...Uppbyggt hér fyrir um 20 árum. Meinast kanske í gamaldaga hafa verið með eitthvert slag bygg, sem nú kann þó enginn af að segja. Liggur nú í eyði, og er öldungis óbyggjandi fyrir skriðu, sem af hefur tekið það sem tón átti að vera. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hörðadalshreppur 1703*).

– **Hlíð:** ...Engjar spillast af ánni með grjóti, sandi og leir, sem hún ber uppá. Einnig af grjóthruni og skriðum úr fjalli. Hagar spillast og með sama slag mikillega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hörðadalshreppur 1703*).

– **Hlíð:** ...Engjar og hagar spillast árlega af skriðum úr fjallinu og á næstliðnu hausti (1730) hlupu 3 skriður úr brúninni sem umveltu jörðinni. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Hlíðarkot:** ...Hlunnindi og skaði er sama með heimajörðinni (Hlíð). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hörðadalshreppur 1703*).

– **Hrafnabjörg:** ...Túnið spillist af grjóti úr fjallinu og sandi, sem lækur ber á. Jarðfall hefur þar og hlaupið á túnið fyrir nokkrum árum og part af því fordjarfað, sem enn er ei aftur bættur. Engjar spillast af grjóti, leir og sandi jafnaðarlega á vetur, sem á þar hjá rennandi ber á, og brýtur þar með af engjunum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hörðadalshreppur 1703*).

- **Hrafnabjörg:** ...Laugardalur spillist árlega af skriðum, en til forna hefur hann verið grösugt pláss. Laugar nefnist afbýli á dalnum sem byggt var í gamla daga. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Hrafnabjargarkot:** ...Hlunnindi og skaði er sami með heimajörðinni, en þó hættara við skriðum og grjóti úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hörðadalshreppur 1703*).
- **Þorgeirsstaðahlíð:** ...Túnið spillist bæði af grjóti úr fjallinu og uppgöngum af vatni í því sjálfu; ítem veðrum, sem rífa af rótina. Engjar hafa spillt af ánni, sem rennur fyrir neðan, því hún ber grjót á. Einnig hafa þeim spillt skriður úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðdalahreppur 1703*).

Miðdalir

- **Miðdalir (alm.):** ...Landslag má heita yfirhöfðuð þurrhent. Grösugt niður til sveitanna, en mjög hrjóstrugt fram til fjallanna, sem eru brött og ganga því árlega úr sér af skriðum. Breyting hefur og engin orðið á landslagi síðan á landnáms tíð, svo menn viti, af öðru en umturnun af skriðum fram til dalanna og að skógar þeir er þá voru mega heita gjöreyyddir (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Miðdalaping (Snóksdals– og Sauðfellssókn), 1855*).
- **Bær:** ...Túnið liggur undir skemmdum af gili, sem rennur um túnið og hleypur á það stundum með sandi og grjóti. Engjar fordjarfast stórkostlega af giljum, skriðum og vatnagangi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðdalahreppur 1703*).
- **Sauðafell:** ...Túnið er að segja allt meinþýft, grýtt og votsókt með svarðleysum og skriðum sumstaðar, en grasgefið sæmilega þegar vel árar. ...Túnið liggur undir stórum skaða af grjóti úr fjallinu og skriða, sem jafnlega rennur á, einnig af vatni og uppgöngum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðdalahreppur 1703*).
- **Sauðafell:** ...Tún og engjar síðan bóluna í staka órækt komið, vegna dugnaðarleysi ábúenda, þar til túnið meinþýft, grýtt og af skriðum skemmt, og hér allra seinlegast að slá. ...Fjallið víða af skriðum fordjarfað. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Erpstaðir:** ...Túnið liggur undir skriðum og fordjarfast þar af stórlega. Engjar spillast bæði af skriðum og umferð, því um þær liggur margra vegur til kirkju og frá. Högunum hefur og spillt skriða, nýlega runnin á. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðdalahreppur 1703*).
- **Erpsstaðir:** ...Landkreppu jörð og mjög fordjörfuð af skriðum bæði á tún, engjar og úthaga. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Þórólfsstaðir:** ...Engjar spillt af skriðum stórkostlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðdalahreppur 1703*).
- **Þórólfsstaðir:** ...Fjallið með hliðinni af skriðum fordjarfað. Engjar liggja undir þeim skaða oftlega. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Múlakot:** ...Í Neðra Hundadalslandi millum Hundadals og Bæjar, hefur að forngildu verið býli kallað Múlakot, í manna minnum byggt. Nú er það komið í skriður og landbrot og kann ómögulegt að byggjast. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðdalahreppur 1703*).

– **Hundadalur:** ...Á eyrunum handan árinna milli Hundadals neðri og Bæjar börðust þeir Sturla Sighvatsson og Vatnsfirðingar. ...Ekki eru menn sammála um, hvar stakkgarður sá hafi staðið, er þeir Vatnsfirðingar svörðust í. Hefur helst verið bent á rúst eina, sem kölluð er Grænatóft, þar á eyrunum. Afstaða hennar kemur þó ekki heim við frásögn Sturlungu. Sennilega eru nú horfin ummerki stakkgarðsins undir skriður eða gilmöl úr fjallinu (*Árbók FÍ, 1947*).

– **Hundadalur neðri:** ...Engjar liggja undir stórum skaða af skriðum, og áin brýtur land og ber á sumstaðar sand og grjót. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðdalahreppur 1703*).

– **Hundadalur neðri:** ...Engjar skaðast árlega af ánni með grjóti og sandi. Dalurinn og fjallshlíðin af skriðum skemmd og skemmast árlega. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Hundadalur fremri:** ...Landið er af skriðum spillt til fjallsins. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Skallhóll:** ...Túnið liggur undir jafnaðarlegri fordjörfum af skriðum, sem þar yfir falla úr fjallinu. Engjar fordjarfast stórlega af aurlækjum, sem á renna og bera á leir og sand. Hagar skemmast af sama tilefni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðdalahreppur 1703*).

– **Skallhóll** ...Skriðuhætt á túnið og nokkuð af því fordjarfað. Landið og engjarnar skemmast árlega af Miðá og fjallskriðum. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Hlíðartún:** ...Túnið er stórum fordjarfað af skriðu, sem þar hefur á fallið, og aftekið nokkurn part túnsins. Engjar liggja undir stórum skaða af skriðum úr fjallinu. Hagar ganga úr sér af sama tilefni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðdalahreppur 1703*).

– **Hlíðartún:** ...Til forna leigðist þessi jörð fyrir 80 al. í landskuld með 5 kúgildum og allt til þess að stórskriða tók mikinn part af túninu sem fyrir góðra leiguliða umhirðing er til nokkurs bata komið. Landskuld í ár og síðan 70 al. ...Leigukúgildi 4 og frá tilteknum tíma. Túnið sem skriðurunnið er, er gott og grasgefið þó sumstaðar sé þýft. ...Fjalllandið uppblásið víða og í hrjóstur komið, en heimalandið ásamt túni og engjum fordjarfast árlega af fjallskriðum. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Hlíðartún:** ...Bæjarhúsin í Hlíðartúni sneru frá suðri til norðurs. ...Vissu bæjardyrnar til austurs. ...Útsýni frá Hlíðartúnsbænum er af skornum skammti. ...Til vesturs er há og brött fjallshlíð, gróðurlítill. Smálækur (bæjarlækurinn) seytlar úr hlíðarbungunum og rennur í smáfossbunum niður af klettabelti skammt fyrir ofan

bæinn. Þegar úrkomur eru miklar í leysingum, getur hann orðið allmikið vatnsfall, sem grefur sundur sandbakkana og ber fram aur og leir á túnið. ...Haustið 1884 var mjög úrfellasamt og tíðarfar óstöðugt, sérstaklega í nóvember. Snjókomur og rigningar skiptust á með miklum stormum. Frost voru engin, svo að jörðin varð mjög gljúp. Runnu víða skriður úr bröttum fjallshlíðum á láglendið og gjörðu mikinn jarðusla og skaða. ...föstudaginn 14. nóvember. Veður fór versnaði af suðaustri með miklum stormi og rigningu. Gekk vindurinn til suðvestur, þegar leið á daginn, með hörðum snjóéljum, svo jörð varð gráhvít. ...Hann fór þá vestur fyrir bæinn. Þar sáust glöggt vegsummerkin. Uppi við fjallsbrún hafði sprungið fram stór jarðspilda og borist ofan lækjarfarveginn, niður á kletthjallann neðarlega í hlíðinni. Þaðan hafði aurskriðan flogið ofan á vesturhlíð baðstofunnar og brotið alla hlíðina, þekju og víði og runnið inn í baðstofu. ...Fregnin um þennan atburð var látin ganga tafarlaust um suðurhluta Miðdalahrepps, svo að á svipstundu var kominn hópur ötulla atorkumanna, sem tóku þegar til starfa hvíldarlaust (ekki var komið að bænum fyrr en sunnudaginn 16. nóv.). ...Allt þetta fólk var örent með meiri og minni meiðsli (5 manneskjur). Á lífi var Margrét, dóttir húsfreyju ...Sesselja húsfreyja var með lífsmarki í rúmi sínu. ...Margrėti hafði kalið á fötum, og lá hún í sárum allan þann vetur, en náði síðar allgóðri heilsu. Sesselja andaðist á Breiðabólstað 17. s.m. eftir miklar þrautir. Hafði hún hlotið meiðsl víða um líkamann. ...(skriðan féll síðdegis 14. nóv.) Strengjaklukka, sem var í baðstofunni, hafði fallið yfir á bita við fótagafl hjónarúmsins. Var klukkan sex, þegar hún hafði stöðvast. ...Bærinn í Hlíðartúni var byggður upp, en var þá færður sunnar á túnið. Er það talið hættulaust bæjarstæði. Engin skriða hefur fallið þar síðan. Norðvestan á túninu er grasivaxinn hólrúst. Í nánd við hana eru nokkrir steinar, munu þar vera síðustu menjar bæjarins sem eyðilagðist af skriðuhlaupinu 14. nóvember 1884 (*Minningarbók Magnúsar Friðrikssonar á Staðarfelli, 1957*).

– **Hlíðartún:** ...Hlíðartún var þriðji bærinn. Hann stóð handa árinna, neðanvert við Breiðabólstað. Skriða hljóp á bæinn úr fjallinu haustið 1884 og braut niður baðstofuna. Þar biðu 6 manns bana. Bærinn var aftur reistur á öðrum stað í túninu, en er nú fyrir nokkrum árum lagður í eyði og jörðin nýttuð frá Breiðabólstað og lögð undir þá jörð (*Árbók FÍ, 1947*).

– **Hlíðartún:** ...Í vestanverðum Sökkólfsdal var bærinn Hlíðartún um fjóra km frá mynni dalsins. Hann eyddist af aurskriðu 14. nóvember árið 1884 og biðu sex mann bana. Þar var þó byggt upp aftur og búið með litlum hléum til ársins 1935 (*Árbók, FÍ 1997*).

– **Breiðabólstaður:** ...Túnið er í hættu fyrir skriðu úr gili, sem þar rennur um, og hefur til forna þar af fordjarfast. Engjar, sem verið hafa heimum, eru fordjarfaðar af skriðum og grjóti. Hagar spillast nokkuð af sama tilefni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðdalahreppur 1703*).

– **Breiðabólstaður:** ...Engjar af fjallskriðum og ánni sem rennur eftir Sökkólfsdal skemmdur og afbrotnar. Landið neðarlega í dalnum næst bænum stórlega uppblásið og af skriðum fordjarfað. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Breiðabólstaðarkot:** ...Engjar, hagar og útigangur sama með heimajörðinni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðdalahreppur 1703*).

– **Gröf:** ...Túninu er hætt fyrir skriðum, og spillist þar af stundum. Engjar spillast af sama, en mest allar, sem verið hafa, eru burt teknar af ám tveimur, sem þar hjá renna, bera grjót og brjóta landið. Hagar blása burt smám saman. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðdalahreppur 1703*).

– **Gröf:** ...Engjar allar af skriðum fordjarfaðar. Landið í sama máta uppblásið og skriðum runnið. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Fellsendi:** ...Túnið spillist af grjóti sem á veltur, og stórkostlega af sandfoki úr aðliggjandi melum, er og hætt við skriðum. Lækur ber stundum grjót á túnið, því er og hætt við áhlaupi af á, sem þar hjá rennur. Engjar hafa spillst af báðum ánum og sumstaðar úr giljum. Hagar blása upp smám saman. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðdalahreppur 1703*).

– **Fellsendi:** ...Landið til fjallsins uppblásið, og af fjallskriðum skemmt. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Svarfhóll:** ...Túnið spillist stundum af gili, sem ber á þá grjót, ítem af stórveðri og sandfoki. Engjar spillast af skriðum. Hagar fordjarfast af sama. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðdalahreppur 1703*).

– **Svarfhóll:** ...Landið er víða skriðurunnið. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Svarfhóll:** ...(1813) Skriða hljóp á Svarfhól í Sökkólfsdal, drap þrjá hesta, kú og kálf (*Annáll níjándu aldar*).

– **Háafell:** ...Engjar spillast af aurskriðum úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðdalahreppur 1703*).

– **Háafell:** ...Land jarðarinnar er af skriðum spillt víða til fjallsins. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Svínhóll:** ...Selhagar spillast af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðdalahreppur 1703*).

– **Kvennabrekka:** ...Engjar þær mýrlendu spillast af vatnsrás og aurskriðum úr lækjum, og tapa sum staðar grasvexti, en þær þurru hefur áin, sem hjá rennur, sumar brotið en sumar fordjarfað með sandi og grjóti og brýtur af þeim árlega, og eru orðnar að mestu ónýtar. Hagar blása upp smám saman. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðdalahreppur 1703*).

Haukadalur

– **Litla Vatnshorn:** ...Hagar spillast af jarðföllum og grjóti úr fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Haukadalshreppur 1703*).

– **Saurstaðir:** ...Engjar spillast árlega af sama gili (og tún) og af Haukadalsá, sem bæði bera á grjót og leir og brjóta land. Hagar spillast og stórum af skriðum og blása upp. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Haukadalshreppur 1703*).

– **Valþjófsstaðir:** ...Valþjófsstaðir kallast eyðitóttir í móaflæmi milli Jörfa og Saurstaða. Þar halda sumir að búið hafi Valþjófur sá frændi Eyjólfur saurs sem mjög stuttlega er minnst á í Landnámu og Eiríks sögu rauða á þá leið að þrælar Eiríks hafi fellt skriðu á bæ Valþjófs á Valþjófsstöðum. ...Óljósar sagnir herma að einnig að skriða eða snjóflóð hafi hlaupið á bæinn Valþjófsstaði en um 1700 hafði hann ekki verið byggður í manna minnum. Ekki virðist samt skriðuhætt á þessu bæjarstæði þótt skriður falli oft úr giljum í grennd. Skammt frá er þó gömul skriða úr litlum læk, Stekkjarlæk, og kallast Kotskriða neðan við vallendissvæði sem heitir Grund eða Stekkjargrund. Hljóðbylgjur geta sem kunnugt er komið snjóflóðum af stað og að sjálfsgöðu má leika sér að því að geta þess til að þrælar Eiríks hafi óvart valdið slíku hlaupi með háreysti (*Árbók FÍ, 1997*).

– **Valþjófsstaðir:** ...Skammt frá Jörfa í Haukadal heita Valþjófsstaðir, eyðibær. Á hann hefir hlaupið skriða, að sögn með snjóflóði, og eyðilaggt hann. Þó sér þar nokkuð fyrir rústum. (*Brynjúlfur Jónsson, Viðaukar, Árbók Fornleifafélagsins, 1895*).

– **Jörfi:** ...Túnið spillist stórkostlega oftsinnis af skriðu úr glilinu, sem þar er, og úr bæjarlæknum gengur upp grjót og leir, þá hann grefur sig undir jörðina og sprengir hana upp. ...Af gilinu sem rennur úr fjallinu er bærin, kirkjan og úthýsin, túnið og partur af engjum með öllu lifandi og dauðu, sem þar er, í stærstu hættu og fari, ef illa vildi til, þegar vatnagangur er á vetrardag, og er ómögulegt við að gjöra. ...Hagar fordjarfast af skriðum og blása upp af vetrum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Haukadalshreppur 1703*).

– **Jörfi:** ...Túnið hefur skemmt fyrir nokkrum árum stór skriða úr fjalli, þó umbætt hafi verið og síðan er varla nokkra stund óhætt um vetrartíma túni og bænum fyrir skriðu og snjóflóði. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Jörfi:** ...Fyrir framan eða austan gamla túnið á Jörfa er bæjargilið sem einnig er kallað Jörfagil eða Hnúksgil. Úr því hafa oft hlaupið skriður og var sumt af túninu ræktað á gömlu framhlaupi (*Árbók FÍ, 1997*).

– **Hamrar:** ...Hagar spillast af grjóthruni og blása upp. Fjánhúsunum er hætt fyrir flóði og skriðu úr gilinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Haukadalshreppur 1703*).

– **Hamrar:** ...Landbrotajörð af gilinu sem rennur ofan með túninu sem bæði skaðar engjar og tún tíðum. Engjarnar skemmast af flóði úr Haukadalsá, sem ber á þær grjót og leir líka er þeim hætt fyrir skriðum. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Mjóaból:** ...Hagar blása upp og smáspillast af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Haukadalshreppur 1703*).

– **Villingadalur:** ...Engjar eru fordjarfaðar af skriðum, fordjarfast árlega og eru svo nær burt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Haukadalshreppur 1703*).

– **Kross:** ...Engjar spillast bæði af grjótkasti úr fjallinu og úr ánni, sem á ber grjót og sand, og verður ei viðgjört. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Haukadalshreppur 1703*).

– **Skarð:** ...Engjar spillast af aur og grjóti úr lækjum í fjallinu, og sumar eru þar af öldungis ónýtar, sem verið hafa, en verður ei við gjört. Hagar spillast af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Haukadalshreppur 1703*).

– **Klömbur:** ... (í Skarðslandi) Um þetta vita menn ekkert víst, en fjallið þar upp yfir er enn í dag kallað Klambrafell. Kann ekki að byggjast fyrir skriðum, slægnaleysi og vatnagangi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Haukadalshreppur 1703*).

– **Núpur:** ...Túnið spillist af grjóthruni og grjóti með sandi úr giljum. Engjar hafa spillst af ánni, sem þær hefur brotið, og af skriðum úr fjallinu, eru svo nær öngvar eftir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Haukadalshreppur 1703*).

– **Halakot:** ...Halakot var hjáleiga til forna í jarðarinnar landi (Núpur), sem leigdist með 50 al. Landsskuld og 3 kúgildum. Hefur ekki byggð verið síðan 1680. Kann og ekki aftur byggjast, því bæði tún og engjar er aftekið af skriðum og vatnsflóði úr Haukadalsá. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Leikskálar:** ...Hagar spillast af skriðum og blása upp. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Haukadalshreppur 1703*).

– **Skriðukot:** ...Túnið er í hættu fyrir skriðu ef til vill, og við grjóthruni úr fjallinu. Hagar blása upp og falla í skriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Haukadalshreppur 1703*).

– **Skriðukot:** ...Engjar skaðar grjót og aur úr giljum af fjalli. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Eiríksstaðir:** ...Rannsakaði „afturtóftina” svonefndu. ...Nú tóki ég grasrót af þar innan við, er Þorsteinn Erlingsson ætlar verið hafa austurgaflinn. ..Varð þar hvarvetna fyrir, um 10–20 cm frá yfirborði, urð ein, bæði með allstórum steini norðan við miðju, nokkru smærri steinum syðst og miklu af stórgerðri og smágerðri mól, og jafnframt var mold innan um grjótið, svo sem hún eðlilega hefði runnið fram með skriðu. ...Því næst var jarðvegur allur tekinn ofan af austan við miðja tóftina. ...Var þar víðast hvar um 20 cm að skriðugrjótinu. ..gerð svo djúp gryfja til að rannsaka, hvort skriðugrjótið kynni að hafa runnið hér inn í tóft, yfir gólfskán í henni. Skriðugrjótslagið reyndist vera um 60 cm. Undir því var ca 2 cm þykkt dökkt gróðurlag, en þar fyrir neðan moldarlag, um 20 cm þykkt, þá um 2 cm dökkrautt lag, leirkennt, og loks undir því bleikgrátt leirlag um 20 cm þykkt. Nú var gerð próf gryfja. ...niður í gegnum leirlagið. Varð þá fyrir skriðugrjótslag ofar um 15 cm að þykkt. Þá tók við annað svipað leirlag, og var enn grafið 15 cm ofaní það. Allt var þetta sýnilega óhreyfð jörð. Skriðugrjótslagið var að sönnu mjög blandað gróðrarmold, svo eru jafnan slíkar aurskriður, er runnið hafa ofan gróðurmiklar hlíðar sem þá, er hér er uppi eftir. ...Hlít ég, að hér sé ekki um neina tóftarrúst að ræða heldur hafi hin tóftin verið ein og stök, eina bæjarhúsið, skáli, sem Eiríkur hafi reist hér og búið í um sína tíð hér

í Haukadal. (*Matthías Þórðarson, Eiríksstaðir í Haukadal, rannsóknarskýrsla 13–15. ág. 1938, Árbók Fornleifafélagsins, 1963*).

– **Eiríksstaðir:** ...Á Eiríksstöðum var unnið 12–20 ágúst undir umsjón Guðmundar Ólafssonar. Voru einkum rannsakaðar mannvistarleifar við norðurvegg og við suðvesturhorn skála. Virðist skriða hafa fallið á skálann, hann svo byggður upp aftur en bærinn farið í eyði skömmu síðar (*Þór Magnússon, Árskýrsla Þjóðminjasafnsins 1999, Árbók Fornleifafélagsins, 1999*).

– **Stóra Vatnshorn:** ...Túnið spillist árlega nokkuð af skriðum úr fjallinu og grjótkasti úr gili, sem þar um rennur. – Hagar skemmast af grjóthruni og skriðum úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Haukadalshreppur 1703*).

– **Stóra Vatnshorn:** ...Smáskriður granda og tíðum úthaga, túni og engjum. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Vatn:** ...Túnið spillist af sandi og grjóthruni úr fjallinu. Ítem af dýjum og vatni, sem stendur í því og étur úr rótina. Engjar spillast með sama móti. Hagar og selstaða fellur í skriður og blæs upp. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Haukadalshreppur 1703*).

Laxárdalur

– **Saurar:** ...Fjallandið uppblásið og skriðurunnið. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Sauðhús:** ...Landlítil jörð og útheys slægjur litlar. Hvort tveggja spillast árlega, af vötnum, skriðum og vatnsgangi. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Höskuldsstaðir:** ...Landlítil jörð, og það gæða lítið, til með fordjarfað af skriðum og vötnum, rétt að segja, hún er í lakasta gildi að þeim dýrleika (XL. C). (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Hornstaðir:** ...Jörðin er landlítil og hrjóstrug og það sama með engjunum víða skemmt af gili, skriðum og vatnsgangi úr fjallinu. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Leiðólfsstaðir:** ...Hagar skemmast stórum af skriðum úr fjallinu og blása upp. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Laxárdalshreppur 1703*).

– **Leiðólfsstaðir:** ...Útheyslægjur og hagar skemmast árlega af skriðum og vötnum úr fjallinu. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Svarfhóll:** ...Engjar spillast af skriðum úr giljum og lækjum, svo sumar þar eru öldungis af; sumar fordjarfar áin, ber á sand og grjót og brýtur af sumstaðar, flæðir yfir í vatnavöxtum og tekur af hey ef á er. Hagar spillast árlega af skriðum, svo þeir eru orðnir mjög litlir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Laxárdalshreppur 1703*).

– **Svarfhóll:** ...Jörðin er landlítill nú sem komið er, og af sér gengin af vötnum og skriðum bæði uppá útheyslægjur í næsta 3 ár (skriða 1727 eða 1728) og hagbeit. Selstaðan sem löngu er aflögð fyrir sömu ókosti gagnlítið. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Gröf:** ...Túnið hefur nýspilst af skriðu (um 1700), sem þar hefur áfallið, og liggur undir meiri skemmdum ef til vill. Engjum er hætt með sama slag, og sumar afteknar. Hagar eru mikinn part komnir í skriður og grjót. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Laxárdalshreppur 1703*).

– **Gröf:** ...Úthagsslægjur aungvar, því gil og lækir hafa borið grjót á þær. Ekki rista né stunga, og þar til landið mest allt af skriðum og vötnum fordjarfað. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

Hvammssveit

– **Leysingjastaðir:** ...Útheyslægjur snöggvar og mikið úr sér gengnar af grjóti og vatnsrásum úr fjallinu. Landlítið af grashögum, þar fjallið fyrir ofan hlíðina og dallandið er mjög uppblásið og af skriðum í grjót komið. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Sælingsdalstunga:** ...Engjar þær bestu hefur áin fordjarfað, og aftekið með sandi og grjóti, sem hún hefur á borið, á fjallinu spillast þær árlega af skriðum. Hagar spillast stórkostlega með sama móti. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvammssveit 1703*).

– **Sælingsdalstunga:** ...Túnið er sumstaðar þýft og grýtt og skriða áfallin úr læk þeim sem rennur í gegnum það. ...Fjallandið og dalirnir víða uppblásið og skriðum runnið. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Gerði:** ...Engjar spillast af grjóti og skriðu úr fjallinu. Hagar spillast með sama móti. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvammssveit 1703*).

– **Gerði:** ...Túninu grandar grjót og sandur úr læk þeim sem rennur yfir því miðju. Engjar litlar og liggja undir skemmd af fjallskriðum og allt í vatn sem slegið er. Jörðin á lítið land og víða uppblásið og skriðum runnið. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Sælingsdalur:** ...Engjum spillir bæði sami lækur og áin, og sumstaðar fellur á þær grjót og skriður. Hagar hafa stórum spilst af skriðum allvíða. Snjóflóðahætta er þar sumstaðar í landinu; þó er bænum ekki þar fyrir hætt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvammssveit 1703*).

– **Sælingsdalur:** ...Útheyslægjur litlar, og af gilinu og fjallskriðum skemmdar. Landið einnig víða skriðurunnið. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Laugar:** ...Hagar fordjarfast stórkostlega af skriðum árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvammssveit 1703*).

– **Laugar:** ...Fjallslandið er mjög svo uppblásið af vindum og skriðurunnið. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Laugar:** ...Sr. Jón Gíslason, prófastur í Hvammi segir í sóknarlýsingu árin 1840–1850: „Sú einasta laug í sóknum þessum er fyrir ofan samnefndan bæ, hvar vatni úr hver af brennheitu, en ekki sjóðandi vatni, var í hana veitt, og hefur hún verið vel tilbúin og sökum aldurs merkileg. Þó er hún nú fyrir löngu vegna vanhirðingar óbrúkanleg af sandskriðu, sem í hana er fallin.” (*Stefán Jónsson, Laugar í Sælingsdal og Tungustapi, Heima er best, 1967*)

– **Laugar:** ...Hver, vel heitur, er fyrir ofan svonefndan Bæ í Hvammsveit (rétt: Laugar). Hefir þar í fornöld verið gjörð baðlaug, og veitt í vatni úr hvernum, gott mannvirki. Nú er hún samt, sem stendur, ónotandi vegna vanhirðingar og steinskriðu, sem í hana er fallin. (*Jónas Hallgrímsson, Smávegis um laugar og hveru ofl., Rit IV, 1934*).

– **Laugar:** ...Síðasta heimild, er greinir frá baðlauginni er að finna í sóknarlýsingu sr. Jóns Gíslasonar frá því í september 1839, en þar segir svo: „Sú einasta laug í sóknum þessum er fyrir ofan samnefndan bæ, hvar vatni úr hver af brennheitu, en ekki sjóðandi vatni, var í hana veitt, og hefur hún verið vel tilbúin og sökum aldurs merkileg. Þó er hún nú fyrir löngu vegna vanhirðingar óbrúkanleg af sandskriðu, sem í hana er fallin.” ...Síðan gerist hvoru tveggja, skógarnir hverfa og þar með eldiviðurinn til gufubaðanna. Landið blæs upp og afskrýðist fornu skruði. Skriður síga niður hlíðar, þ.á.m. milli Hvergils og Bæjargils á Laugum. (*Einar Kristjánsson, Sundlaugin á Laugum 50 ára, Breiðfirðingur, 1983*).

– **Laugar:** ...sem er fyrir framan grjótbelti það, er gengur fram úr fjallinu, fyrir framan Laugar. Þar er kelda eða dý í lægðinni. Þessi laut er sú hin dýpstu, sem þar er, og er það samkvæmt nafninu. Rangárvellir eru þar skammt fyrir framan, sem nú er kallað Ránargil eða Ránarskriða. Þetta er sléttur bali eða breiða, sem gengur niður úr hlíðinni og allt niður að á. Þar yfir er nú hlaupin breið skriða. (*Sigurður Vigfússon, Rannsókn í Breiðarfjarðardölum og í Þórsnesþingi og um hina nyrðri strönd 1881, Árbók Fornleifafélagsins, 1882*).

– **Laugar:** ...Síðan fór ég ofan að Laugum. Bærinn stendur undir hlíðinni gagnvart Tungu. Sælingsdalslaug er þar í brattlendi fyrir ofan túnið. Hafði hún verið vel hlaðin upp í fyrri daga, er því er gamlir menn hafa sagt mér. Þegar ég var ungur, man ég eftir, að aurskriða mikil væri hlaupin þar niður, og hefði skemmt mikið og fyllt laugina. Nú sést þar ekkert nema ómerkileg hola, og með því að ekkert hefur verið við hana gert síðan, er óvíst að menn viti, hvar sú upprunalega laug hafi verið. (*Sigurður Vigfússon, Rannsókn í Breiðarfjarðardölum og í Þórsnesþingi og um hina nyrðri strönd 1881, Árbók Fornleifafélagsins, 1882*).

– **Laugar:** ...Hin hitalindin er rétt upp frá bænum. Þar er hellustokkur, nú að mestu hulinn skriðu, er sýnir, að þar hefur verið hitavatnsleiðsla. Þykir líklegast, að þar hafi verið hin forna laug upp við hallann, þótt nú sé hún komin undir skriður. ...Í sóknarlýsingum sínum milli 1840–1850 segir séra Jón Gíslason, prófastur í Hvammi um laug þessa: „Sú einasta laug í sóknum þessum er fyrir ofan samnefndan bæ, hvar vatni úr, hver af brennheitu en ekki sjóðandi vatni var veitt í hana, og hefur hún verið

vel til búin og sökum aldurs merkileg. Þó er hún nú fyrir löngu vegna vanhirðingar óbrúkanleg af sandskriðu, sem í hana er fallin (*Árbók FÍ, 1947*).

– **Laugar:** ...Leitað var hinnar horfnu laugar á Laugum í Sælingsdal, en þar hefur skriða fallið fyrir löngu og fannst hún (laugin) ekki, þrátt fyrir allýtarlega rannsókn (*Þór Magnússon, Árskýrsla Þjóðminjasafnsins 1999, Árbók Fornleifafélagsins, 1999*).

– **Hólar:** ...Túnið spillist oftlega af skriðum, sem á það renna úr fjallinu, og bærinn með öllu túninu er í stærstu hættu ef illa vildi til, og skriða með snjóflóði hefur jafnvel gjört þar fjárskaða. Engjar spillast af skriðum og vatna uppgöngum, en sumar hefur áin brotið og borið upp á sand og grjót. Hagar sem verið hafa í fjallinu, er mestapart komnir í skriðu og grjót. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvammssveit 1703*).

– **Hólar:** ...Að forngildu segja menn jörðin hafa reiknuð verið fjögur xxiv c., en afturfærð vegna skriðufalls á túnið, hvers menjar enn sjást, en allt er þetta óvíst svo bevísað verði. Jörðin er landlítill og það sem til fjalls liggur bæði uppblásið og skriðurunnið og eykst árlega, og undir sömu skemmdum á láglendinu liggur, tún, engjar og úthagar. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Skerðingsstaðir:** ...Túnið spillist af bæjarlæknum, sem kastar upp á það sandi og grjóti. Sami lækur hefur stórkostlega fordjarfað einn part af túninu, brotið jörðina og borið upp á mikla grjótskriðu. Annar lækur skemmir sumstaðar. ...Hagar blása upp og falla í skriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvammssveit 1703*).

– **Skerðingsstaðir:** ...Jörðin er landlítill, létt undir bú og fjallið fyrir ofan skriðurunnið og uppblásið. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Hvammur:** ...Túnið spillist oftlega af skriðum og tveimur giljum úr fjallinu, og til forna hefur annað þeirra aftekið stórt stykki af túninu, svo aldrei kann aftur að verða að gagni, og bæði þau sumstaðar túnið með blettum fordjarfað og er mikill partur túnsins jafnlega þar af í hættu. ...Hagar falla í skriður og blása upp árlega. ...Snjóflóða hætt mjög, svo jafnvel er bærinn sjálfur og kirkjan þar fyrir í stórri hættu, ef illa vildi til. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvammssveit 1703*).

– **Hvammur:** ...Túnið í Hvammi var talið 36 dagsl. að stærð. Þegar ég kom þangað gaf það sér 400 hestburði og síðastliðið ár skilaði það sama töðumagni. Það hefur að vísu orðið fyrir skemmdum af skriðum, aðallega 1918 og 1926, en það hefur bæst upp með þúfnasléttun og skriðurnar hafa smásokkið, svo að nú gætir þeirra lítið. (*Sr. Ásgeir Ásgeirsson fyrrv. Prófastur, Hvammur í Hvammssveit, Breiðfirðingur, 1944*).

– **Hvammur:** ...Árið 1918 rann grjótskriða á þann hluta túnsins í Hvammi, sem er kallað er Fjósatunga, og eyðilagði þessi grjótskriða mestallt það stykki sem tún. Grjótskriða þessi hafði upptök sín í gili því sem kallað er Hrosshárgil (Hrosshófgil) og er í hlíðinni uppundan þeim hluta túnsins, en beygir svo til suðurs skammt fyrir ofan túnið. Sr. Þorleifur prófastur kvaðst hafa haft fyrir reglu að hreinsa farveg gilsins á haustin, svo að vatnið stíflaðist síður í honum þá er vatnavextir kæmu í það á vetrum. Ef það væri ekki gjört, áleit sr. Þorleifur, að þessum hluta túnsins væri voðinn vís, og hefir reynslan sýnt, að það var satt. Hann kvað, að í sinni tíð hefði aldrei orðið tjón að skriðuhlaupi úr gilinu, og þakkaði það eingöngu því, að hann hefði látið

hreinsa farveg þess á hverju hausti. Í aprílmánuði árið 1887 hljóp allmikil grjótskriða úr þessu gili á þetta sama túnstykki, þá er Jósef Jónsson var þar bóndi. Lét hann þegar um vorið hreinsa alla skriðuna af túninu, svo að túnið varð jafngott um sumarið. ...Um 1920 rann önnur grjótskriða á þann hluta túnsins í Hvammi, sem kallaður er Sýslan. Bæjarlækurinn, sem skiptir hlíðunum í tvær hlíðar, stíflaðist að vetrarlagi. ...Lækurinn ruddi aur og grjóti á allt þetta stykki, sem er fyrir ofan bæjarhúsin, og eyðilagði það sem tún. Hvorug þessi grjótskriða (1918, 1920) hefir verið hreinsuð af túninu. Er því Hvammstúnið orðið nú talsvert minna en það áður var (*Magnús Friðriksson frá Staðarfelli, Hvammur í Dölum, Árbók hins ísl. fornleifafél., 1940*).

– **Hvammur:** ...Annars hafa skriður gert mikil landspjöll í þessum fagra og skjólsæla dal. Hafa skriðurnar bæði eytt skógum og engjum og valdið stórspjöllum. Árið 1607 var t.d. virðing Hvamms færð úr fjörutíu hundruðum niður í fimmtán hundruð vegna þeirra spjalla, sem skriðuhlaup og hlaup í ánni höfðu gert á landareigninni. Að skriður hafi einnig fyrr verið tíðar þar í dalnum, má marka af draum þeim, er Sturla Þórðarson dreymdi tveimur nóttum fyrir Örlygsstaðabardaga: „Mig dreymdi það, að ég væri í Hvammi á föðurleifð minni, og þar vorum vér allir fyrir handan ána upp frá Akri. Kross stóð hjá oss á holtsmúlanum hár og mikill (sbr. krossinn, sem þjóðsagan getur um að verið þarna). Þá þótti mér hlaupa skriða mikil úr fjallinu og var smágrjót í, allt nema einn steinn; hann var svo mikill, svo hamar hlypi að oss, og þótti mér undir verða margt vorra manna. Og margt komst undan, en Vigfús Ívarsson varð undir svo ég kenndi, en þá vaknaði ég“ (*Árni Óla, Blárta tinda blessað land, 1949*).

– **Litli-Hvammur:** ...Hagar og útigangur sama með heimajörðinni (Hvammur). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvammssveit 1703*).

– **Akur:** ...Hagar fordjarfast árlega af grjóti og skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvammssveit 1703*).

– **Akur:** ...Engjar voru þar góðar og grasgefnar, þó votunnar, en nú eru þær mestar í grjót komnar af skriðum úr fjallinu og ágangi Hvammsá. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Ketilsstaðir:** ...Túnið spillist af leir, sandi og grjóti úr aurlækjum á vetrardag. Stórveðri fylgja á sandi en berja af rótina. Hagar spillast af skriðum æ meir og meir. Snjóflóð koma þar oft úr fjallinu. Hafa orðið að skaða ei mjög stórum, og ekki er bænum hætt fyrir þeim. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvammssveit 1703*).

– **Ketilsstaðir:** ...Skriðuhætt árlega, og þar fyrir landeingin hrjóstrug og uppblásin. Skógurinn af skriðum mestallar fordjarfaðar og verður því varla unninn til eldiviðar. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Holt:** ...Engjar spillast af grjóti og aurskriðum úr lækjum víða. Hagar spillast með sama slag. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvammssveit 1703*).

– **Hóll:** ...Engjar spillast litilsháttar af leir og skriðum; í þeim vex upp sumstaðar rifhrís af langvarandi órækt. Hagar blása upp smásaman. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvammssveit 1703*).

Fellströnd

- **Skorravík:** ...Túnið spillist oft af skriðum, svo einn partur þess er af. Engjar og hagar með sama móti, og af vatni og hrisvexti. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fellstrandarhreppur 1703*).
- **Skorravík:** ...Fjallshlíð öll uppblásin og skriðurunnin. Grjótfall árlega á tún, úthaga og engjar. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Hafursstaðir:** ...Hagar blása upp og falla í skriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fellstrandarhreppur 1703*).
- **Breiðabólstaður:** ...Fyrir 4 árum (1727)er skriða hlaupin á túnið úr læk þeim sem rann yfir það, til stórra skemmda, sem ekki hefur orðið um bætt. Haginn er víða skriðurunnin, og þar af engi einnig til skaða. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Þúfa:** ...Landið er víða skriðurunnið og af þeim einnig skemmdar til stórskaða engjarnar. Túnið er þýft, og meinlega grýtt og af stórskriðu og sandi milli fjárhúsa og bæjar fordjarfað. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Skógar:** ...Túnið spillist af aur og sandi úr bæjarlæknum. Engjar spillast af grjóti og sandi úr Helluá. Hagar spillast sumstaðar af skriðum og blása upp. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fellstrandarhreppur 1703*).
- **Skógar:** ...Úthagarnir uppblásnir of skriðurunnir víða. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Staðarfell:** ...Túnið spillist nokkuð lítið af aur, sem lækur ber á, og af grjóthruni úr smáklettum fyrir ofan. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fellstrandarhreppur 1703*).
- **Staðarfell:** ...Túninu grandar tíðum skriður og grjótkast. Landið er og víða skriðurunnið til skaða uppblásið af veðrum, og hrjóstursamt orðið. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Staðarfell:** ...Upp frá „efri byggð“ á Fellströnd gengur dalur mikill, sem nú er vanalega nefndur Flekkudalur, en er þó sagt, að hann heiti réttu nafni Flókadalur. Hann er upp frá Staðarfelli og liggur þar undir. Hann var áður byggður, en er nú í eyði, og er sagt að hann hafi eyðst í svartadauða. Þar eru nefnd 5 býli. ...Staðarbakki hefir staðið inni í miðjum dalnum að norðanverðu á bakka ár þeirrar, er eftir dalnum rennur. Þar sjást allmiklar rústir. ...En alsagt er, að Staðarbakki hafi verið kirkjustaður dalbúa. Ofan hjá bænum rennur gil, er Færigil heitir, það færir sig til að neðanverðu, og hefir brotið af túninu og tóftunum, svo eigi er hægt að segja hve mikið vantar. Það hefir og borið skriðu yfir brunn, er gamlir menn muna eftir að þar var, hafði hann verið mjög vel hlaðinn innan og gott vatn í honum. (*Fornleifar á Fellströnd, skoðaðar af Brynjúlfi Jónssyni sumarið 1895, Árbók Fornleifafélagsins, 1896*).

- **Harastaðir:** ...Túnið spillist af sandfoki, og lækur ber stundum í það aurskriðu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fellstrandarhreppur 1703*).
- **Ytrafell:** ...Túnið spillist af leir og sandi, sem aurlækir bera á, og grjót veltur úr klettum þar fyrir ofan. Hagar spillast meir og meir af skriðum og grjóti. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fellstrandarhreppur 1703*).
- **Ytrafell:** ...Landið mjög hrjóstrugt hellst þar sem skógurinn er eyddur, og þar til víða skriðurunnið. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Túngarður:** ...Hagar eru uppblásnir og komnir mesta part í skriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fellstrandarhreppur 1703*).
- **Túngarður:** ...Landið er víða uppblásið og skriðurunnið. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Hallsstaðir:** ...Túnið spillist af vatnsuppgangi, sem ber á leir og grjót, og það blæs upp af veðrum og kemur upp grjót. Engjar spillast af leir og grjóti úr aurlækjum. Hagar fordjarfast af skriðum og skógur af sama tilefni og er stórlega kalinn. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fellstrandarhreppur 1703*).
- **Svínaskógur:** ...Hagar falla smá saman í skriður í fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fellstrandarhreppur 1703*).
- **Svínaskógur:** ...Fjallið víða skriðurunnið og uppblásið. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Orrahóll:** ...Hagar fordjarfast af skriðum og blása upp. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fellstrandarhreppur 1703*).
- **Orrahóll:** ...Gilið sem rennur ofan með bænum hleypur títt á túnið til stórskaða og uggvænt að það grandí jafnvel húsunum. Það skaðar og einnig engjarnar. Fjallið skaðar skriður árlega. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Galtartunga:** ...Túnið skemmir sandfok, grjót og skriður úr fjallin; sama sandfok spillir engjunum og kelduföll, sem grafa þær í sundur. Hagar í sama máta, fordjarfast af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fellstrandarhreppur 1703*).
- **Galtartunga:** ...Landið með dalnum er víða skriðurunnið, og af sér gengið. Selstaðan fyrir þá ókosti orðin gagnlítill. Útheysslægjur litlar, og léttar sem skemmast tíðum af skriðum. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Litla Tungu:** ...Öll hlunnindi eru sömu að réttri tiltölu með heimajörðinni (Galtartungu). Skaðar sömu sem um heimajörðina getur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fellstrandarhreppur 1703*).
- **Litla Tungu:** ...Kostir og ókostir, sem segir um heimajörðina. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Galtardalur fremri:** ...Engjar spillast víða af skriðum og grjótkasti úr fjalli. Hagar blása upp með sama móti. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skarðstrandarhreppur 1705*).

– **Galtardalur fremri:** ...Dalurinn og landareignin allvíða skriðurunnin til skemmda. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Galtardalur neðri:** ...Engjar spillast af Galtardalsá, sem ber á þær grjót, og af skriðum úr fjallinu. Hagar spillast nokkuð af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skarðstrandarhreppur 1705*).

– **Galtardalur neðri:** ...Jörðin er víða skriðurunnin og hætt við því árlega. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Galtardalur:** ...Solveigarskriða er eitt af þeim nöfnum sem hvergi koma fyrir í munnmælum eða sögnum, svo vitað sé, og tildrögin að nafnagiftinni óþekkt. Þetta er nafn á allmikilli grjótskriðu sem fallið hefur ofarlega úr fjallinu ofan við svokallað Stekkjargil og er sjálfsagt talsvert umliðið síðan það gerðist eftir útliti skriðunnar að dæma. Gata fram í dalinn liggur þvert yfir skriðuna (*Árbók FÍ, 1977*).

– **Ormsstaðir:** ...Hagar spillast nokkuð af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skarðstrandarhreppur 1705*).

– **Stakkaberg:** ...Skriðuhætt víða bæði á engjar og haga, og túnið hefur stórum þar af spillt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skarðstrandarhreppur 1705*).

– **Kvennahóll:** ...Túnið spillist af stórviðrum, sem berja af grasrótina, ítem af skriðum og leir úr fjallinu; þar er og lækur, sem brýtur smám saman af túninu og gjörir jarðfall; vatn gengur og upp í túninu og spillir því. Engjar og hagar spillast víða af leir, sandi og skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skarðstrandarhreppur 1705*).

– **Hnúkur:** ...Túnið spillist af skriðu, og nokkuð af vatnsaga í vatnavöxtum; ítem af grjótkasti úr fjallinu. Stórviðri berja stundum af því grasrótina. Engjar og hagar spillast mjög af skriðu, sandi, leir og grjóti. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skarðstrandarhreppur 1705*).

Skarðströnd

– **Melar:** ...Jörðin er stórkostlega skriðurunnin, og allt ofan að mýrlendi, og fjallshlíðin skaðsöm fyrir kvikfænað af grjótkasti. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Ballará:** ...Hagar spillast af skriðum úr fjallinu og dýuppgöngum, sem árlega fjölga. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skarðstrandarhreppur 1705*).

– **Ballará:** ...Fjallhagarnir og fjallshlíðin uppi skriðurunnin, uppblásin og úrsérgengin. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Reynikelda:** ...Landskuld hefur verið fyrrum ic og xx álnir, þar eftir ic, nú lxxx álnir. Hefur landsskuldin þannig verið aftur færð fyrir skriður, sem þar hafa til stórs skaða áfallið. ...Leigukúgildi meinast fyrrum verið hafa vii, þar eftir vi, nú iii. Er kúgildum fækkað vegna áfallsins skaða ut supra. ...Bærinn er þar í stærstu hættu og fari ef illa fellur, af skriðu, sem þar jafnlega yfir vofir. Túnið hefur á fáum árum ei minna en hálf burt tekið af skriðu, sem hljóp yfir þann besta hlut túnsins, svo undir eins var hætt mönnum og fénaði. Meinast þó smám saman kunna nokkuð að lagfærast aftur, ef ei bættist við skriðuna. Engjar spillast nokkuð smám saman af vatnsuppgöngum. Hagar í fjallinu spillast af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skarðstrandarhreppur 1705*).

– **Reynikelda:** ...Jörðin hefur til forna byggst með 8 kúgildum og 1 C. landskuld, allt til eignarmenn höfðu á henni bú nokkrum árum fyrir bólusóttina, sem orsakaðist af stórkostlegu skriðufalli, sem tók af helming túnsins, en þegar eigendur hinna byggðu, leigðist hún með 80 al. Landskuld, og 5 kúg. allt til 1707. Landskuld nú og síðan 1707, 60 al. ...Fjallshlíðin öll fyrir ofan láglandið skriðurunnin og graslítil, og af því skaðast oft tún, engjar og úthagar. Hættur miklar fyrir kvikfénað af dýjum, fúafenum og grjótkasti úr fjallinu, sem árlega skeður. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Á:** ...Skriður hafa þar nokkuð landið skemmt. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Kross:** ...Á túnpart nokkurn ber áin sand og grjót. Engjar spillast af sandi úr gili nokkru. Hagar, á dal nokkrum, eru á mestu komnar í grjót og skriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skarðstrandarhreppur 1705*).

– **Kross:** ...Fjalllendi jarðarinnar af skriðum fordjarfað, áin skemmir þar nokkuð tún, og við því er hætt í vatnavöxtum. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Skarð:** ...Selstaða spillist af skriðum og langt til að sækja, fyrir þá spilling er aflögð ein hjáleiga, sem verið hefur, og það land brúkað fyrir selhaga. ...Túnið spillist af skriðum og aurlækjum, sem á það renna. Skarðsá brýtur og nokkuð af því og ber sand. Hagar í sama máta af skriðum og vatnsaga. Skógur er kalinn og fellur smám saman. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skarðstrandarhreppur 1705*).

– **Barmur:** ...Túnið spillist stundum af skriðu úr fjallinu. Engjar spillast af aurlækjum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skarðstrandarhreppur 1705*).

– **Hvarfsdalur:** ...Engjar spillast nokkuð af aur og skriðum. Hagar blása upp árlega og falla í skriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).

– **Hvarfsdalur:** ...Túnið af sér gengið fyrir áburðarleysi sumstaðar, hagarnir skriðurunnir og slægjurnar grýttar. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Búðardalur:** ... (1259) Skriða hljóp í Búðardal, létust VII menn (*Skálholtsannáll*). ... (1259) Skriða hljóp í Búðardal, VII menn létust (*Konungsannáll*).

- **Búðardalur:** ...Dalurinn víða skriðurunnin til stórra skemmda. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

- **Tindar:** ...Landsskuld lxx álnir, hefur verið ll álnir, en aftur færð vegna skriðu, sem á völlinn hljóp fyrir fáum árum. ...Túnið er stórkostlega fordjarfað af skriðu, sem á það hljóp fyrir fáum árum. Engjar spillast af leir og sandi. Hagar blása upp nokkuð. ...Bærinn er í stórri hættu fyrir gili, sem rennur ofan um túnið, og hefur fyrrum nokkuð af bænum burt brotið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).

- **Tindar:** ...Túnið það sem skriður hafa ekki skemmt grasgefið, þó seinunnið. ...Túnið liggur árlega undir spjöllum af skriðum og grjótkasti. (...Landsskuld færð úr 80. al í 60 al. 1707). (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

- **Nípur:** ...Landsskuld ll álnir; hefur áður verið i c en afturfærð landskuld fyrir skriður, sem á hafa fallið. ...Túnið liggur jafnlega undir skriðum. Engjar fordjarfast oftlega með sama móti. Hagar þeir bestu eru á mestu leyti allir komnir í skriður og grjót. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).

- **Nípur:** ...Túnið er þar í tvennu lagi, því að bærinn hefur verið fluttur úr Heinabergslandi út yfir ána, þangað sem hann nú stendur. Er sá partur kominn í órækt fyrir leiguliða manndómsleysi sem Heinabergsmegin er af túninu, nú sem komið er, en áður var þar allt túnið. Parturinn fyrir utan ána sem bærinn stendur á er snöggur, og liggur undir skriðum og grjótkasti úr fjallinu árlega. Fjallið og hlíðin allt að láglandi er uppblásið, skriðrunnið og graslaust. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

- **Nípur:** ...Lénsjörðin Nípur hefir allgóðar útheyslægjur og beit, en hér falla skriður á túnið. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).

- **Nípur:** ...Milli Búðardals og Fagradals er Nýpudalur, smádalur gróðurlítill. Fram úr honum rennur Nýpurár, vatnslítill en ill yfirferðar. Bærinn Nýp stendur á gróinni skriðu utan hennar. Bærinn hafði áður staðið fyrir innan ána, og sér þess þar enn merki, en var fluttur þangað sem nú er hann fyrir rúmri hálfri þriðju öld, sennilega vegna grjótflugs úr fjallinu, sem gnæfir þar yfir nær lóðrétt (*Árbók FÍ, 1947*).

- **Heinaberg:** ...Engjar spillast af skriðum og vatnsuppgöngum. Hagar fordjarfast af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).

- **Heinaberg:** ...Fjallshlíðin fyrir ofan, að láglandi og fjallið fyrir ofan Nípurdal uppblásið og skriðrunnið. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

- **Fagridalur ytri:** ...Túnið spillist nokkuð af gili, sem brýtur nokkuð og ber á sand og grjót. Engjar spillast af sama gili, og víða afteknar af skriðum, sem árlega á falla. Hagar fordjarfast í sama máta árlega af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).

- **Fagridalur ytri:** ...Hlíðin að Hleinabergi og fjallið fyrir ofan og framan bæinn allt að láglandinu uppblásið og skriðurunnið. Dalurinn skemmist árlega af skriðum og áin fordjarfar einnig slægjulöndin. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Fagradalstunga:** ...Hagar spillast smámsaman af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).
- **Fagradalstunga:** ...Fjallhagar og dallönd, hafa til forna grasgefnar verið, og víðlendar, og enn eru þar af góðar menjar. ...Dallöndin, og fjöllin í kring uppblásin af veðrum og skriðurunnin, svo þar er sumstaðar graslaust. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Reiðhvammur:** ...hét fyrrum kot á Fagradalshlíð, sem byggt var fyrrum til 1700 og leigðist með 40. al landskuld og 3. kúgildum. Þar er nú Túnið löngu aftekið af skriðum, einnig skemmt árlega með sama máta, úthagsslægjur og hagbeit. Kann því ekki aftur að byggjast. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Fagridalur innri:** ...Túnið spillist stundum nokkuð af grjótkasti úr fjalli. Engjar sumar eru aldeilis afteknar af skriðum og grjótkasti, en sumar fordjarfaðar. Hagar spillast stórum árlega af sama. Snjóflóð koma oft sumstaðar á vetur úr fjallinu, og hafa jafnvel stundum drepið kvikfénað. Á vorin í leysingum og í votviðrum eru oftlega menn og kvikfénaður í hættu fyrir grjótkasti úr fjallinu, hefur það og að skaða orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).
- **Fagridalur innri:** ...Jörðin er landlítil og af skriðum með grjótkasti stórlega spjölluð, og spillist árlega. Fjallhagar einnig skriðurunnir og af stórveðrum upp all víða til mikil skaða. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

Saurbær

- **Tjaldanes:** ...Engjar fordjarfast af skriðum og grjótkasti úr fjallinu, og það grjótkast er hættuvert fyrir kvikfénað, þegar illa vill til. Hagar fordjarfast árlega með sama móti. Snjóflóð hleypur oft úr fjallinu, þó ei hafi oft að skaða orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).
- **Tjaldanes:** ...Selstaða hefur þar til forna verið á Tjaldaneshlíð, en aldrei í manna minni brúkuð. Kann og ekki að brúkast, því hagarnir eru af skriðum farnir. ...Öll fjallshlíðin stórlega fordjörfuð af skriðum árlega og grjótkasti úr fjallinu. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Horn:** ...Eyðihjáleiga frá Tjaldanesi. ...Er nú allt komið í skriður og grjót, og kann aldrei að byggjast. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).
- **Hjallar:** ...Eyðihjáleiga frá Tjaldanesi. ...Þar sést óglöggt til girðinga, en rústir nokkrar. Allt yfirfallið með skriðum og grjóti. Kann aldrei að byggjast. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).

- **Saurhóll:** ...Hagar spillast af skriðum, grjóti og vatns uppgöngum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).
- **Saurhóll:** ...Fjallið uppblásið og skriðurunnið. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Kverngrjót:** ...Tún er þar grasgefið, og sumstaðar raklent þar sem það er ei af skriðufalli fordjarfað. ...Landþröng jörð og skriðurunnin. ...jafnaðarlega er hætt við skriðufalli, á nokkurn part túnsins sem ekki verður við varnað. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Bjarnastaðir:** ...Engjar eru á nokkrum parti af fallnar af skriðum og grjóti úr fjallinu, og lítilsháttar af sandi úr Staðarhólsá; þær eru og í verunni þrönglendar. Hagar hafa og stórum spillst af grjótskriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).
- **Bjarnastaðir:** ...xx c þessi eru landlítill og fjallið fyrir ofan uppblásið og skriðurunnið. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Eysteinsstaðir:** ...Hjáleiga frá Bjarnastöðum. ...Hagar spillast eins og á heimajörðunni (skriður) (Bjarnastaðir). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).
- **Þverdalur:** ...Túnið spillist af skriðu í vatnagangi á vetur, og nokkuð af grjóti úr gili, sem þar um rennur. Engjar sumar eru af grjóti og skriðum afteknar, en sumar skemmdar. Hagar smáspillast árlega af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).
- **Þverdalur:** ...Túnið grasgefið og gott, það sem skriðan, sem skemmir túnið á einn veg, hefur ekki skaðað, sem þó er af nokkurri órækt skeð. Útheysslægjur litlar og af skriðum fordjarfaðar en þær sem til eru er þó góðar fyrir kvikfénað. Fjalldalurinn, sem mestur slægjurnar voru í, skriðurunninn til stórskemmda, svo jörðin á lítið slægjuland eftir. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Hvammsdalur:** ...Túnið er í hættu af gili sem þar hjá rennur, og hefur fyrrum þar af spillst, og brýtur stundum nokkuð lítið af því í vatnavöxtum. Bærinn er og í hættu fyrir sama gili, ef illa vill til. Engjar eru sumar afteknar af skriðum, sumar spillast árlega af ánni fyrir neðan. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).
- **Hvammsdalur:** ...Dallöndin og fjöllin í kring mjög uppblásin og skriðurunnin. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Hvammsdalskot:** ...Túnið hefur spillst af læk, sem á það hefur borið sand og grjót. Engjar spillast af skriðulækjum, líka ber hún þar fyrir neðan á þær lítinn sand. Hagar spillast smám saman af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).
- **Hvammsdalskot:** ...aðrir ókostir sem fyrr segir um heimajörðina. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

- **Kjarlaksvellir:** ...Engjar, sem eru í verunni litlar, spillast jafnlega af grjóti úr fjallinu og leir, sem á þær rennur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).
- **Þverfell:** ...Túnið hefur spillst af grjóti úr læk einum, en má hæglega við varna. Það spillist og nokkuð lítið af grjóti úr fjallinu, er og víða í því fast grjót til skaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).
- **Þverfell:** ...Fjallandið er víða uppblásið of stórviðrum og skriðurunnið. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Mikligarður:** ...Fjallandið fyrir ofan skriðurunnið og af grjóti fordjarfað. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Staðarhóll:** ...Jörðin á frádeilt land, kallað Traðardalur, með þar liggjandi, sem þó reiknast heimaland. Selstaða, sem þar í er, er þrönglendari heldur en jarðarinnar peningi kunni að ánægja. Hagar þar spillast jafnlega af skriðum og blása upp. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).
- **Litli Múli:** ...Landsskuld x aurar, hefur fyrrum verið xii aurar, meinast afturfærð fyrir skriðu sem á hefur fallið. Túnið hefur spillst af skriðu, sem á það hefur fallið fyrir nokkrum árum og er í hættu fyrir skriðum ef illa vill til. Hagar sumir sem verið hafa, eru að mestu komnir í grjót og skriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).
- **Hvítidalur:** ...Engjar fordjarfast árlega, bæði af skriðum úr fjallinu og af grjóti og sandi úr Hvolsá, svo smám saman eru að eyðast. Hagar spillast árlega af skriðum og blása upp. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).
- **Bessatunga:** ...Engjar spillast af skriðum úr fjallinu. Hagar blása upp smám saman og falla í skriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).
- **Neðri Brekka:** ...úthagi skaðast árlega af skriðum fram í Brekkudal, svo hann er allt að láglandinu hrjóstrugur orðinn. (Líka eign Fremri Brekku). (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Fremri Brekka:** ...Engjar votar, spillast af skriðum, og er hætt fyrir grjóti og sandi úr Hvolsá. Hagar spillast af skriðum árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).
- **Hvoll:** ...Túnið spillist nokkuð árlega af skriðum, sem oft lítilsháttar á falla. Engjar falla af smám saman og fordjarfast með sama móti, og Hvolsá spillir þeim og með sandi og grjóti. Hagar spillast jafnlega af skriðum. ...Grjót kast úr fjallinu hætt, þó ekki verði jafnlega að skaða. Snjóflóðahætt víða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).
- **Hvoll:** ...Frá 1701 til 1707 rýrnaði smá saman eftirgjaldið af landskuldarhæð og kúgildafjölda eftir því sem jörðin af sér gekk og skemmdist af fjallskiðum. Túnið

fordjarfast árlega af skriðum, svo þar eru nú varla eftir þrír partur. Úthagar einnig með skriðum og vætum mjög skemmdir og skemmast árlega. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Hvoll:** ... (1781 eða 1780). Eins og veturinn að framan afliðu líka jólin með miklum og nær óskaplegum regnum, bleytum og kröfsum. ...Bleytuveðráttan og stórregnin hafa víða gjört miklar skriður og fördjörfun bæði túna og engja, allra helst í Dalasýslu, hvar kirkjustaðurinn Hvoll fékkst tæplega byggður sökum slíkra skemmda. (*Benedikt Pálsson, Fréttir af vesturlandi I, Ársrit Sögufélags Ísfirðinga, 1982*).

– **Hvoll:** ...Hvoll er nú prestssetur í Saurbæ, er prestur sækir þangað. Þar eru björgin há í fjallinu fyrir ofan og grjóthrun mikið, en Hvollinn hlífir bænum svo að þar er ekkert að óttast, en björgin, sem standa upp úr velliinum fjalls megin við Hvolinn og á báðar hliðar, sýna, að fjallvætturinn hefur sent ómjúkar kveðjur niður þangað. Fjárhús og hlaða stóðu þarna á velliinum bak við Hvolinn. Þá var það vetur einn nú eftir aldamótin (um 1900), að steinn mikill kom úr fjallinu, braut niður fjárhúshlið í kastinu (og sumir segja hlöðumæni líka), en staðnæmdist ekki fyrr en heima við Hvolinn. Þóttu undur, að sauðfé meiddist ekki í húsunum. Voru þau færð á næsta sumri á öruggan stað. Þjóðvegurinn liggur milli fjallsins og Hvolnsins (*Árbók FÍ, 1947*).

– **Máskelda:** ...Túnið er í hættu fyrir grjóti og skriðum úr fjallinu. Það spillist og oft af grjóti, sem á það veltur, og malarsandi, sem stórveðri feykja á það. ...Hagar eru mjög þrönglendir, og mikill partur þeirra sem voru er fallinn í grjót og skriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).

– **Máskelda:** ...Fjallhlíðin fyrir ofan landareignina, sem jörðinni tilheyrir er öll uppblásin af veðrum og skriðurunnin. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Efri–Brunná:** ...Hagarnir spillast sumpart af skriðum, og nokkur partur þeirra er að segja aldeilis af. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).

– **Neðri–Brunná:** ...Hagar eru mjög þrönglendir og sumt af þeim spillist jafnlega af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).

– **Neðri–Brunná:** ...Landið sem jörðin á til fjalls er allt uppblásið og skriðurunnið. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).

– **Stóraholt:** ...Túnið er mjög þýft og illt að vinna. Engjar spillast í nokkru plássi af jarðföllum. Hagar spillast sumstaðart til aleyðingar af árlega áfallandi skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).

– **Litlaholt:** ...Hlunnindi og skaðar er öldungis sama og segir um Stóraholt ut supra. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).

– **Arakot:** ...Hlunnindi og skaðar er öldungis sama ut supra um Stóraholt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).

Gilsfjörður

- **Ólafsdalur:** ...Engjar spillast jafnlega af skriðum, og Ólafsdalsá ber á þær sand og grjót. Hagar eru mesta part fordjarfaðir af skriðum, svo jörðinni liggur við að hún fái ei byggð, og er því bæði af landskuld stórum afturfært og kúgildum fækkað. ...Í heimalandi, á Holtahlíð, sjást í einum stað girðingu og rústir nokkrar. Hvert þar hafi nokkurn tíma býli verið vita menn ekki. Þar hleypur skriða nálægt, og sýnist í hættu. Kann ekki að byggjast. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).
- **Ólafsdalur:** ...Engjar og úthagar fordjarfaðir bæði af Ólafsdalsá sem rennur þvert ofan í Gilsfjörð, og stórskriðum í dalnum alt í kring, svo sú jörð gengur af sér árlega fyrir ánefnd tilfelli. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).
- **Kleifar:** ...Úthagar eru víðlendir, en fordjarfast víða árlega af skriðum og grjóti úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarsveit 1704*).
- **Kleifar:** ...Fjallshlíðin út með firðinum á þessa síðu af skriðum og grjótkasti fordjörfuð og þess vegna háskasöm fyrir kvikfénað. (*Ormur Daðason, Jarðabók yfir Dalasýslu, 1731*).